



Sómastaðagerði/Sómastaðir

Fornleifarannsóknir í landi Sómastaðagerðis og
Sómastaða í Fjarðarbyggð, S-Múlasýslu



Bjarni F. Einarsson
Kristján Mímisson
2004

Forsíðumyndin sýnir skurðinn í gegnum rúst 016 í landi Sómastaða. Í botni skurðarins má sjá hellulagt gólf í elstu rústinni, auk veggja. Ef myndin prentast vel má sjá í syðri stoðarholuna sem lítur út eins og lítil steinþró ofan við hellulagt gólfið efst á myndinni.
Horft til N. HQ-myndir nr. 23. Ljós. BFE.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Unnið fyrir Fornleifavernd ríkisins

© Bjarni F. Einarsson (megintexti og teikn.). Kristján Mímisson (flestar teikningar og texti kafla 6.2.7).

Janúar 2004

1 INNGANGUR	4
2 MARKMIÐ RANNSÓKNANNA	5
3 STADHÆTTIR	5
4 FORSAGA RANNSÓKNANNA	7
5 SÖGUBROT	9
5.1 SÓMASTAÐIR	9
5.2 SÓMASTAÐAGERÐI	10
6 RANNSÓKNIN	13
6.1 AÐFERÐ.....	13
6.2 PRUFUHLUR/SKURÐIR	13
6.2.1 Rúst 1009	13
6.2.2 Rúst 1010	14
6.2.3 Rúst 1011	15
6.2.4 Rúst 1012	16
6.2.5 Rúst 1019	16
6.2.6 Rúst 1020	17
6.2.7. Uppgröftur á svæði 137:001	17
6.2.8 Rúst 002	29
6.2.9 Rúst 003	30
6.2.10 Rúst 005	31
6.2.11 Rúst 006	32
6.2.12 Rúst 136:016 (í landi Sómastaða)	32
6.2.13 Prufuhola á Mjóeryri við X 63 Y 195	41
6.2.14 Prufuhola við X 106 Y 215	41
6.2.15 Rúst 1 í landi Sómastaðagerðis (nýskráð).....	41
6.2.16 Rúst 10 í landi Sómastaðagerðis/Sómastaða. Mylla? (nðskráð).....	42
6.2.17 Garður 11 í landi Sómastaða (nýskráður)	45
7 NIÐURSTAÐA	45
8 HEIMILDIR	47
9 ÚR DAGBÓK (BROT)	48
10 TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR	50
SKRÁR:	50
LISTI YFIR TEIKNINGAR	51
SKÝRSLA MAGNUSAR Á. SIGURGEIRSSONAR, JARFRÆDINGS	52
GREINING Á SÝNI: GRÉTAR GUDBERGSSON	55
FUNDASKRÁ SÓMASTAÐAGERÐIS, ÆTLAÐAR MYLLU OG RÚSTAR 016 Í LANDI SÓMASTAÐA	57
STAFRÆNAR MYNDIR.	73
LITSKYGGNUSKRÁ.	93
SÝNASKRÁ.	103
FORNLEIFASKRÁ.	107

1 Inngangur


Að beiðni Fornleifaverndar ríkisins fyrir hönd Iðnaðarráðuneytisins tók Fornleifafræðistofan að sér að grafa í nokkrar rústir í landi Sómastaðagerðis og Sómastaða vegna fyrirhugaðra framkvæmda Alcoa og tengdra verkefna á Reyðarfirði. Til að framkvæmdirnar mættu ganga eftir var það skilyrði sett af hálfu yfirvalda að nokkrar rústir sem skráðar voru 1999 og 2003 skyldu rannsakaðar áður en þeim yrði fargað. Rústir þessar höfðu verið skráðar í tvígang af Fornleifastofnun Íslands (Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Adolf Friðriksson 1999. Roberts, H.M. 2003). Var þess krafist að þær yrðu rannsakaðar með prufuholugreftri, skurðum og stærri rannsókn gerð við gamla bæjarstæði Sómastaðagerðis. Upphaflegur fjöldi rústa sem kanna átti var 12. Þegar yfir lauk voru rústirnar sem kannaðar voru rúmlega 15 á jafn mörgum stöðum (sjá myndir 2 og 4).

Vegna þess hve seint var farið af stað í október var ákveðið að reisa vinnuskýli yfir hluta af gamla bæjarstæðinu til að halda staðnum þurrum og heitum með aðstoð hitablásara. Aðrir staðir voru rannsakaðir þegar veður leyfðu. Þegar til kastanna kom reyndust veður vera vond þar sem kuldakast reið yfir landshlutann lungann úr þeim tíma sem rannsóknirnar stóðu yfir. Þetta kuldakast reyndist þó ekki koma að sök og öllum markmiðum rannsóknanna var náð, þó að ný vandamál skytu upp kollinum á meðan á rannsóknum stóð. Þessi vandamál voru rúmlega 14 áður óskráðar fornleifar og fornar minjar undir yngri leifum á einum stað, eða við fornleifar nr. 016 í landi Sómastaða. Öll vandamálín voru leyst nema þau við rúst 016, en sú rúst mun verða rannsökuð til hlítar síðar.

Þessi skýrsla er tæknileg skilagrein rannsóknanna, en ekki nákvæm fræðileg úttekt á fornleifunum. Samanburður við aðrar fornleifar verður af skornum skammti og vísindaleg greining sýna nær engin þar sem ekki var talin þörf á því nema við einn stað, þ.e.a.s. rúst nr. 016. Þar var um sýni til C-14 aldursgreiningar að ræða. Niðurstaða greiningarinnar mun ekki liggja fyrir fyrr en í byrjun febrúar 2004.

Við rannsóknirnar unnu auk skýrsluhöfunda, þau Jóna K. Ámundadóttir, Sigurður Bergsteinsson, Daniel Lindblad og Olof Öslund fornleifafræðingar, Jón Ingi Sigurbjörnsson, menntaskólakennari og fornleifafræðinemi, og Páll Kolka nemi. Öllum þessum einstaklingum er þakkað fyrir frábært starf og ánægjuleg samskipti.

Með þessari skýrslu lýkur væntanlega frekari afskiftum minjavörslunnar af rústum þeim sem voru í uppnámi vegna hinnar fyrirhuguðu álverksmiðju í landi Sómastaðagerðis. Rúst þá sem rannsökuð var í landi fyrirhugaðrar hafnar í landi Sómastaða verður hins vegar að rannsaka nánar síðar.



Mynd 1. Staðsetning rannsóknarsvæðisins í Reyðarfirði. (Kort: Atlaskort Landmælinga Íslands. Viðbætur KM).

2 Markmið rannsókna


Markmið rannsókna var að freista þess að aldursgreina úrval rústa á svæðinu og reyna að komast að hvers eðlis þær væru ef þær væru eldri en 100 ára. Ástæðan var eins og fyrr greinir, fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu sem eyðileggja myndu allar minjar.

Á gamla bæjarstæði Sómastaðagerðis komu ýmsar vísbendingar í ljós um að þar kynnu að leynast minjar eldri en 1362. Því var markmiðið þar að kanna þessar ætluðu minjar nánar með tilliti til aldurs og hlutverks.

Þótt ekki komi fram í fyrirbyggjandi gögnum hve gamlar einstakar rústir á svæðinu kunni að hafa verið er ljóst að trúlega var aldur flestra þeirra ekki hár og jafnvel ekki nógu hár til að þær teldust til fornleifa, en það er 100 ár eða meir (Þjóðminjalög 2001). Markmið rannsókna var því að ganga úr skugga um þetta atriði.

3 Staðhættir

Hið fyrirhugaða framkvæmdasvæði (álver og höfn) er sunnan við nýjan þjóðveg sem liggur frá Reyðarfirði til Eskifjarðar, norðan megin í firðinum, u.þ.b. miðja vegu á milli þorpanna. Svæðið einkennist af klapparholtum og mýrarflákum sem víða er búið að þurrka upp og rækta sem tún. Um svæðið rennur lækur sem á upptök sín í Sómastaðatindi sem gnæfir yfir til norðurs í 948 m hæð. Ekki er ljóst hvað lækurinn heitir (Hólshúslækur?), en hann rennur vestan við bæjarstæði Sómastaðagerðis (og Sómastaði).




Mynd 2. Loftmyndin sýnir allar fornleifar sem skráðar hafa verið frá 1999. Á myndinni hefur staðsetning fornleifa nr. 134:007 verið leiðrétt, en um fornleifar nr. 1013 og 1014 (ekki fornleifar rétt hjá 1012) verið sleppt. Einnig sýnir myndin staðsetningu á steyptum grunni sem gæti verið frá setuliðsmönnum. (Ljósmyndir Loftmyndir ehf. Viðbætur BFE).

4 Forsaga rannsókna

Að beiðni verkefnastjórnar STAR (Staðarvalsathuganir iðnaðarsvæða á Reyðarfirði) skráði Fornleifastofnun Íslands hið fyrirhugaða framkvæmdasvæði með tilliti til fornleifa (Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 1999). Tilgangur þessarar skráningar var að fá yfirlit yfir þær fornleifar sem myndu á svæðinu svo hægt væri að gera viðeigandi ráðstafanir ef að framkvæmdum kæmi.

Á sjálfu álverksmiðjustæðinu fundust sex fornleifar í landi Sómastaðagerðis (nr. 137:001 - 137:006) og tvær í landi Hrauns (nr. 134:005 og 134:007¹). Á hinu fyrirhugaða hafnarsvæði í landi Sómastaða fundust tvær fornleifar (nr. 136:015 - 136:016).


Á grundvelli þessarar skráningar var farið af stað með forrannsóknir á þessum ætluðu fornleifum eða nágrenni þeirra í júní 2003 að beiðni Alcoa Primary Metals (Roberts, H.M. 2003). Við þessar rannsóknir fundust 10 áður óskráðar rústir, átta í landi Sómastaðagerðis (nr. 1009 - 1014² og 1019 - 1020) og tvær í landi Sómastaða (nr. 1021 - 1022).



Mynd 3. Yfirlit yfir staðsetningu leitarskurða í landi Sómastaðagerðis. Aðeins fundust vísbendingar um fornleifar í skurði 3 og 13. Ein prufuhola var sunnan við svæðið, neðan við myndina og fleiri vestan við þetta svæði. (Teikn. Roberts, H.M. 2003:4). Í landi Sómastaðagerðis voru grafnir 16 leitarskurðir eða prufuholur (nr. 1 - 15 og 137:004) og í landi Sómastaða voru tveir skurðir grafnir (nr. 1044 - 1045) og einar fornleifarnar voru rannsakaðar (nr. 1022). Í landi Hrauns voru tveir skurðir grafnir (nr. 16 - 17).

¹ Fornleifar nr. 134:007 eru ranglega staðsettar heima við bæ á Hrauni. Þær eiga að vera niður við sjóinn og utan við álverksmiðjustæðið.

² Ætlaðar fornleifar nr. 1013 og 1014 eru ekki fornleifar né mannvirki að mati undirritaðra. Ætlaðar fornleifar nr. 1010 reyndist vera hrúga sem ýtt hafði verið yfir hundshræ ekki alls fyrir löngu.



Mynd 4. Hnitsett teikning með fornleifum sem fundist hafa eftir upphaflegt umhverfismat. Nr. 016 er undantekning. (Teikn. Bergsteinn Metúsalemsson, Hönnun hf.).

Í landi Sómastaðagerðis voru grafnir 16 leitarskurðir eða prufuholur (nr. 1-15 og 137:004). og í landi Sómastaða voru tveir skurðir grafnir (nr. 1044-1045) og einar fornleifarnar voru rannsakaðar (nr. 1022). Í landi Hrauns voru tveir skurðir grafnir (nr. 16-17).

Niðurstöður þessara forrannsókna voru þær að eiginlegar fornleifar væru aðeins að finna í skurði 3 á bæjarstæði Sómastaðagerðis. Í skurði 13 var talið hugsanlegt að fornleifar eða mannvistarlag kynni að leynast. Var það þunnt lag með sóti og smáum viðarkolamolum (Roberts, H.M. 2003:4). Í öðrum skurðum fannst ekkert eða aðeins ungar minjar, svo sem í skurðum 1, 2 og 4.

Skurðirnir í landi Hrauns sýndu að þar voru engar minjar eldri en 100 ára og því úr sögunni.

Með þessar niðurstöður að leiðarljósi fór Fornleifavernd ríkisins fram á það að frekari rannsóknir færu fram á flestum rústum í landi Sómastaðagerðis og einum í landi Sómastaða. Þessar rústir voru nr. 137:001 - 137:003, 137:005 - 137:006, nr. 1009 - 1012, 1019 - 1020 í landi Sómastaðagerðis og nr. 136:016 í landi Sómastaða. Um allar þessar rústir verður fjallað nánar hér á eftir.

Þegar rannsóknin hófst, í byrjun október 2003, kom snemma í ljós að fleiri rústir voru á svæðinu en skráðar höfðu verið 1999 og fyrr á árinu 2003. Að beiðni Fornleifaverndar ríkisins voru þær allar skráðar af Fornleifafræðistofunni. Reyndust þær vera fleiri en 16 á 13 stöðum. Einnig var þess farið á leit við Stofuna að hún kannaði nokkrar þeirra á sama hátt og flestar aðrar rústir eða með prufuholugreftri. Allra þessara nýju rannsökuðu rústa er getið hér á eftir og fornleifaskráin birt sem fylgiskjal með þessari skýrslu.

Niðurstaðan er því sú að frá því að upphafleg fornleifaskráning var gerð 1999 hafa fleiri en 26 fornleifar fundist á 23 stöðum. Því eru það samtals 36 staðir sem koma við sögu á framkvæmdasvæðunum.

5 Sögubrot

5.1 Sómastaðir

Sómastaða er fyrst getið í máldaga árið 1367 og þeir sagðir vera kristfjórjörð (Ísl. fornbréfasafn 1890:233). Máldagi þessi er varðveittur í svokallaðri Hítardalsbók. Þá er líklegt að þar hafi verið guðshús því kristfjórjörðin á altarisklæði, kross og líkneski.

Næst er jarðarinnar getið í tvígang árið 1397, annars vegar í máldaga Vilkins biskups fyrir kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi og hins vegar í máldaga kristfjórjarðarinnar á Sómastöðum. Á þá kirkjan sömu gripi að því er virðist og árið 1367, en bæst hefur við upptalninguna klukka (Ísl. fornbréfasafn 1897:33, 227).

Þegar jarðarinnar er næst getið er það í bréfabók Gissurar biskups Einarssonar. Er þar fjallað um byggingu á jörðinni 1531 (Ísl. fornbréfasafn 1911:432). Stuttu síðar, eða um 1540, þegar Sturla Jónsson afhenti séra Ólafi Árnasyni Hólma til ábúðar, er í fyrsta sinni nefnt bænhús á Sómastöðum (Ibid 1911:592). Um ári síðar gerir Gissur biskup samning við Björn Marteinsson um að hinn síðarnefndi flytji að Sómastöðum leigulaust (Ibid 1911:690).

Árið 1554 eru Hólmar afhentir séra Hjálmari Einarssyni, væntanlega af föður hans, Einari Árnasyni. Með staðnum fylgdi jörðin Sómastaðir með fjórum kúgildum og Breiðuvík með jafn mörgum kúgildum (Ibid 1923-32:788-89).

Í sambandi við einhver áhöld um landamerki á milli bæjanna Sléttu og Áreyja í Reyðarfirði kemur fram að árið 1555 áttu Sléttumenn veturbeitarrétt fyrir hross í landi Sómastaða (Ibid 1933-39:75-76).

Í Manntali á Íslandi árið 1703 eru sex taldir vera í heimili á Sómastöðum, ekkjan Guðrún Þórðardóttir ásamt börnum sínum fimm, Runólfi, Jóni, Sigurði, Eyjólf og Þuríði Böðvarsbörnum (Manntal á Íslandi 1924 - 1947:411). Jörðin kemur fyrir í öllum sálmaregistrum, jarða-, bænda- og manntölum, nema fyrir árið 1788 (Eskja II 1977:414 - 430). Um það leyti virðist jörðin hafa verið í eyði þó að ekki hafi það verið lengi því hennar er aftur getið í sálmaregistri árið 1777 og hún er aftur komin í byggð 1801 (Ibid 1977:424, 430).

Í Sýslu- og sóknarlýsingu árið 1843 eru Sómastaðir metnir til 12 hundruða en Sómastaðagerði aðeins til fjögurra hundruða (Sýslu- og sóknarlýsingar 2000:379).

Hólmaprestar fóru með umráð yfir kristfjórjörðinni Sómastöðum, eins og kemur fram hér að ofan, ásamt gerðunum og hafði það trúlega verið svo alla tíð fram á 19. öld.

5.2 Sómastaðagerði

Sómastaðagerðis er fyrst getið í bændatali úr Hólmasókn árið 1734 (Eskja II. 1977:416). Þá búa þar þeir Stefán Jónsson og Jón Grímsson.

Aftur er býlisins getið undir nafninu Gerðið í jarða- og bændatali Hólmasóknar árið 1754 (Ibid 1977:417). Býr þá þar Bessi Sigurðsson. Nokkru síðar, eða árið 1762, er býlið komið í eyði og er ekki getið aftur í heimildum fyrr en 1788 og er þá í höndum leiguliðans Sigurðar Jónssonar, konu hans, Hólmsfríðar Þórarinsdóttur, og dætra þeirra, Alleifar og Guðnýar (Ibid 1977:425, 427).

Í manntali 1801 er jörðin með nýjum ábúendum, þeim Brynjólfi Þorvarðarsyni (Brynjulvur Þorvardson) og ráðskonu hans, Guðfinnu

Runólfsdóttur (Gudfinna Runolvsd). (Manntal á Íslandi 1980:446). Í þessu manntali er býlisins ekki sérstaklega getið með nafni.

Í Manntali árið 1816 er býlisins ekki getið og ýmislegt bendir til þess að það hafi þá verið í eyði (Manntal á Íslandi 1816. Akureyri 1947).

Árið 1845 eru Guðmundur Einarsson og kona hans Guðrún Erlendsdóttir ábúendur í Sómastaðagerði auk barna sinna, ættmenna og vinnuhjúa. Voru þá alls 11 manns í heimili (Manntal á Ísl 1845. 1985:538).

Í Jarðatali Johnsens frá 1842 er eins leiguliða getið að Sómastaðagerði (Johnsen 1847:375). Vafalaust voru fleiri í heimili en bóndinn aðeins talinn upp.

Víst er að Sómastaðagerði var samfellt í byggð á árunum 1878 - 1982, nema árin 1959 - 1962 (Sveitir og jarðir í Múlaþingi 1976:152. Ibid 1995:508). Hús það sem síðast stóð á bæjarstæðinu var byggt um 1918 með viðbyggingu frá árinu 1943.


Til er þjóðsaga sem skýrir af hverju Sómastaðir urðu kristfjórjörð. Segir þar frá feðgum á ofanverðri 15. öld. Var bóndinn auðugur að fé, bæði löndum og lausum aurum. Hann átti jörðina Hólma og þær jarðir sem til þeirra lágu. Í Eskju segir svo um þá feðga:

Pegar bóndi andaðist, skiptu þeir bræður arfi, gerðu vottfest skiptabréf, undirskrifað af þeim, ásamt handsöluðu nafni blinda bróðurins. Þegar það var gert heyrinkunnugt, kom í ljós, að blindi bróðirinn hafði verið flekaður svo, að í hans hlut kom aðeins sker eitt lítið, sem ekki var grasi gróið, sunnan undir svonefndum Stórhólma. Ekki fékk hann neina réttingu mála sinna, þó að hann kvartaði yfir því ranglæti, er hann hafði verið beittur. Nú er það nokkru síðar, að biskup var á vitjunarferð og kom að Hólumum. Hafði hann frétt um skipti þeirra bræðra. Átaldi hann þá mjög fyrir ranglæti það, er þeir höfðu beitt bróður sinn, blindan og ósjálfbjarga. Þeir kunnu illa átölum biskups, tóku hann og sveina þá, er með honum voru, settu þá í áralausan bát, er stóð við sjóinn, þar sem síðan heitir Biskupsbás, og hrundu á flot. Vindur hvass stóð af landi. Hugðu þeir biskup mundu farast þar. En svo bar til, að bátinn rak að landi hinum megin fjardarins, svo að biskup komst heilu og höldnu í land. Þar heitir síðan Biskupshöfði. Biskup lét síðan tólf presta dóm ganga um þetta ofbeldi þeirra bræðra. Dæmdu þeir Hólma og kirkjuna ásamt þeim jörðum, er henni tilheyrðu, frá þeim bræðrum til eignar kirkjunni. Af því fé lagði svo biskup jarðirnar Sómastaði og Sómastaðagerði ásamt Stórhólma-anum til framfærslu blinda bróðurnum, og ákvað, að þær skyldu jafnan vera fátækrafé til framfærslu einhverjum þurfamanni í Reyð-arfirði, en Hólma-prestur hafa umráð jarðanna. (Eskja I, 1971:141)³.



Mynd 5. Vinna hafin á svæði 001. Bærinn stóð síðast rétt hægra megin við myndina. (Ljósm. BFE. Stafrænar myndir nr. 8).

³ Þjóðsagan birtist fyrst í IV. bindi Rauðskinnu og var höfð eftir Guðrúnu Andrésdóttur í Skáleyjum á Breiðafirði.



Mynd 6. Yfirlit yfir rannsakaðar og órannsakaðar fornleifar á framkvæmdasvæði álversverksmiðjunnar og hafnarinnar. Skráðar minjar nr. 1013 og 1014 (rétt hjá 1012) eru ekki teknar með hér þar sem ekki er um minjar að ræða. (Loftm. Loftmyndir eh. Viðbætur BFE).

6 Rannsóknin

6.1 Aðferð

Ákveðið var að setja aðeins út hnitakerfi á tveimur stöðum, á bæjarstæði Sómastaðagerðis og við fornleifar nr. 136:016 í landi Sómastaða. Fyrirnefnda kerfið var skv. landskerfinu og var það sótt í skýrslu (Roberts, H.M. 2003:6 og 9) og yfirfært á flötinn. Var það einnig gert þar sem upplýsingar um landskerfið lágu fyrir eins og var við fornleifar skráðar í júní 2003. Þar voru prufuholurnar staðsettar skv. teikningu eins og t.d. varðandi fornleifar nr. 1009 o. s. frv. Sama var gert við hæðarkerfið. Á öðrum stöðum var látið nægja að teikna inn staðsetningu prufuholanna á ónákvæmum yfirlitsteikningum í skráningarskýrslum, eldri sem yngri.

Við fornleifar nr. 136:016 var eigið kerfi notað, eins og fram kom að ofan, en tveir punktar í því mældir inn af verkfrædistofunni Hönnun hf á Reyðarfirði.

Allar fornleifar voru ljósmyndaðar með stafrænni myndavél og litskyggjur teknar, auk stafrænna hreyfimynda.

Gripir fundust á nokkrum stöðum. Þeir eru bæjarstæði Sómastaðagerðis, í prufuholum í rústir nr. 1009, 002, 003, 005, 006, í skurði í nr. 136:016 og prufuholum í nr. 10.

Á bæjarstæðinu var gripum safnað í 1 x 1 m² reitum og þeim gefið eitt númer og ein hæð. Við nr. 136:016 voru þeir hins vegar mældir inn hver fyrir sig, þeir hæðarmældir og hverjum og einum gefið eitt númer. Gripum úr nýskráðri rúst nr. 10 (myllu?), var safnað saman eftir prufuholum og lagi. Öllum gripum var fargað nema úr nr. 001, 136:016 og rúst nr. 10, þar sem þeir voru allir ungir og ekki forngripir, en til forngripa teljast allir jarðfundnir gripir sem eru eldri en 100 ára.

Ekki þótti ástæða til að teikna plan né snið á öllum stöðunum. Snið voru teiknuð í mælikvarðanum 1:20 og plön í sama mælikvarða og stærri mælikvarða, svo sem á bæjarstæði Sómastaðagerðis. Planteikningar í prufuskurðinum á nr. 136:016 voru alltaf unnar í mælikvarðanum 1:20.


Fenginn var jarðfræðingur til að greina gjóskulög og eitt sýni var sent í aldursgreiningu.

Verður nú gerð grein fyrir öllum prufuholum og þær taldar upp í sömu númeraröð og skráningin fylgdi og byrjað á rústum sem skráðar voru í júní 2003. Því næst verður gerð grein fyrir rannsókninni á rústum skráðum 1999 og að lokum verður gerð grein fyrir rannsóknum á hinum nýskráðu rústum.

6.2 Prufuholur/skurðir

6.2.1 Rúst 1009

Grafin var 1 x 1 m stór hola innan við dyr rústarinnar og utan í vegg hennar. Mesta dýpt hennar var 0,68 m (við vegginn). Hún var talsvert grynri annarstaðar eða allt að 0,25 m djúp í NA - horni og í V - hluta var fast berg á sömu dýpt.



Mynd 7. Staðsetning prufuholu í rúst 1009. (Frumteikning FSÍ. Viðbætur BFE).



Mynd 8. Rúst 1009 fyrir rannsókn. Sinan hefur verið slegin með orfi. (Stafrænar myndir nr. 1.).

Á 0,05 m dýpi fannst járnsmíð og annar á 0,3 m dýpi (báðir í A - hluta). Á 0,35 m dýpi fannst glerbrot úr rúðu.

Ekkert eiginlegt gólf fannst, en steinar og hellur á ca. 0,25 m dýpi (söma dýpi og bergið) voru trúlega vísbending um gólf. Hefur gólfið því verið hellulagt moldargólf.

Veggurinn var úr hreinu torfi og í honum mátti greina ljóst, gróft gjóskulag sem reyndist vera úr Öskju frá árinu 1875. Undir rústinni sást gjóska frá Veiðivötnum 1477 (sjá Magnús Á Sigurgeirsson 2003. Fylgiskjal 1). Rústin er yngri en 1875, mun yngri.


Í fornleifaskrá segir m.a. svo um rústina:

Aligned broadly east-west, 4,2m in length x 3,25m in width, in situ in height of 0,70m. Sub-rectangular in form with the distribution of the floor and stone. A visible entrance at the south end of the feature. The feature is situated in the top of a large rocky outcrop. (Roberts, 2003:15).

6.2.2 Rúst 1010

Fyrst var grafin 1 x 1 m stór hola.

Var komið niður á timbur eða krossviðsplötu á 0,45m dýpi. Var þá hola á staðkusuð á 0,7m til suðausturs og um 0,50 x 1 til suðvesturs svo hún var yfir allan krossviðsplötuna. Reyndist stíra vera leifar af kistu sem var 0,77 x 1,02 m á stað. Voru kantar kistunnar styrktir með járni. Var tal




Mynd 9. Staðsetning prufuholu í ætlaða rúst 1010. (Frumteikning FSÍ. Viðbætur BFE).

kistan gæti hafa verið geymsla fyrir skotfæri áður en hún lenti í jörðu á Sómastaðagerði.

Pegar lokinu var lyft kom í ljós heil beinagrind úr hundi. Mátti einnig víða sjá leifar af feldi dýrsins. Greinilegt var að hér var ekki um mannvirki að ræða heldur hafði jarðvegi verið ýtt yfir kistuna. Hugsanlega hvíldi þarna hundur síðasta ábúanda staðarins. Hefur bóndi lógað dýrinu áður en hann yfirgaf staðinn fyrir fullt og allt. Hét síðasti hundur á Sómastöðum Kolur. Um rústina segir svo í fornleifaskrá:

The extent of this feature is some-what unclear. It forms an irregular L-shaped anomaly, apparently aligned north-south, and measuring 5,7m in length x 3,9m in width and visible to a height of 20-25cms. It is characterised by the differential growth of grass, and forming a raised area. (Roberts, H.M. 2003:16).



Mynd 10. Staðsetning prufuholu í rúst 1011. (Frumteikning FSÍ. Viðbætur BFE).




Mynd 11. Rúst 1011 fyrir rannsókn. Sinan hefur verið slegin með orfi. (Stafrænar myndir nr. 2.).

6.2.3 Rúst 1011

Grafin var 1 x 1 m stór hola í NV - horn rústarinnar og inn í veggj svo skoða mætti kampinn og vegginn. Mesta dýpt holunnar var 0,82 m, en í NV - horni var hún 0,3 m djúp sem var meðaldýpt hennar. Ekkert gólf var greinanlegt og engir gripir fundust. Sé miðað við botn veggja mun gólfið hafa verið á 0,2 m dýpi og úr mold.

Í veggjum fannst ca. 4 sm þykk, ljós og gróf gjóska. Reyndist hún vera frá Öskju 1875. Einnig varð vart við gjósku úr Veiðivötnum-1477 og Örafajökli-1362. Undir vegg var Veiðivötn-1477 in situ. Rústin er yngri en gjóskan frá 1875, mun yngri. Um rústina segir svo í fornleifaskrá:

Aligned northwest - southeast and measuring up to 4,6m in length x 3,9m in width and some 0,8m in height. There are some indications of possible underlying remains beyond/beneath the southern wall. The structure is subrectangular in form and has an entrance in its eastern gable. (Roberts, H.M. 2003:17).



Mynd 12. Staðsetning prufuholu í rúst 1012. (Frumteikning FSÍ. Viðbætur BFE).



Mynd 13. Rúst 1012 fyrir rannsókn. Sinan hefur verið slegin með orfi. (Stafrænar myndir nr. 3.).


6.2.4 Rúst 1012

Grafin var 1 x 1 m stór hola austarlega inni í rústinni inn í N - langvegg svo skoða mátti gerð veggja. Mesta dýpt holunnar var 0,25 m í SV - horni. Í veggnum voru tvær raðir af steinum (garðlög) og í þeim sást gjóskulagið frá Öskju 1875. Veggurinn stóð 15 - 20 sm ofan við gjóskulagið frá Örafajökli 1362. Inn í tóttinni mátti sjá torfhrun ofan á gjóskunni frá Veiðivötnum 1477 og Örafajökli 1362. Ekkert eiginlegt gólf sást en það hlýtur að hafa verið hreint moldargólf á ca. 0,1 - 0,15 m dýpi. Rústin er yngri en gjóskan frá 1875. Í fornleifaskrá segir svo um rústina:

Aligned northwest-southeast, and measuring 8,9m in length x 4,2m in width and up to 1,05m in height. Some indications were noted of possible underlying remains at the southern wall. The structure is subrectangular in form, although its walls are slightly bowed. An entrance is visible in the eastern gable. (Roberts, H.M. 2003:18).

6.2.5 Rúst 1019

Holan var grafin austarlega í hinni rústinu og var 1mx1stóm. Mestadýpt holunnar var 0,40sm, en í SV-horninu var holunni var mikið af grjóti. Undir grasó




Mynd 14. Staðsetning prufuholu í rúst 1019. (Frumteikning FSÍ. Viðbætur BFE).

voru stórir og smáir steinar. Á 0,35 m dýpi varð vart örfárra og smárra viðarkolamola. Gjóskulögin frá Veiðivötnum 1477 (á 0,3 m dýpi) og Örafajökli 1362 voru undir rústinni og ætlað torflag lá 0,5 - 1 sm ofan við efra gjóskulagið (1477).

Gjóskan frá Öskju 1875 lá ca. 5 sm ofan við hið ætlaða torflag. Ekki sást neitt gólf. Sé um mannvirki að ræða er það eldra en 1875 og hugsanlega frá 16. - 18. öld (sjá fylgiskjal 1). Í fornleifaskrá segir svo um rústina:

This structure is located on top of a stone outcrop to the northeast of the farm mound of Sómastaðagerði. In form it is sub-square and measures 2,9m x 2,7m in length x 2,7m in width and survives to a height of 0,20-25m. (Roberts, H.M. 2003:20).



Mynd 15. Staðsetning prufuholu í rúst 1020. (Frumteikn. FSÍ. Viðbætur BFE).

6.2.6 Rúst 1020

Grafin var 1 x 1 m stór hola austarlega undir vegg rústarinnar og undir vegg rústarinnar og var mesta hennar 0,47 m. Steinar úr veggjum og hru

þeim voru um alla holuna. 1 - 3 sm ofan við grjóthleðslur (vegg) sást gjóskan frá Öskju 1875. Vart varð örsmárra viðarkolamola á milli steina. Ekkert gólf sást og neðst var sjálf berghellan. Rústin gæti hafa verið samtíða rúst 1019 og sömu gerðar. Hver sú gerð var eða hvaða hlutverki húsin sem þarna voru hafa gegnt verður ekki sagt með vissu. Hugsanlega hefur þetta verið fjárbyrgi þótt lítið sé. Einnig kemur til greina skotbyrgi eða fiskbyrgi. Um rústina segir svo í fornleifaskrá:

Also located on bedrock to the northeast of Sómastaðagerði. The structure is toroid in form, measuring 9,5m x 8,1m, and standing to a height of up to 0,75m. (Roberts, H.M. 2003:20).


6.2.7. Uppgröftur á svæði 137:001

Þegar fornleifaskráning fór fyrst fram í Sómastaðagerði árið 1999 var bæjarstæðinu í heild gefið númerið 137:001 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir m.fl. 1999:24-25). Sumarið 2003 voru grafnir 5 könnunarskurðir við bæjarstæðið (sjá mynd 3). Aðeins könnunarskurður 3 gaf vísbendingar um eldri mannvist á staðnum en í skurðum 1, 2 og 4 fundust einungis minjar um mjög ung mannvirki (Roberts, H.M., 2003:4). Í könnunarskýrslunni voru skráð fjögur mannvirki í skurði 3: Torfhrun (Turf Collaps, mannvirki1005), kjallaragrunnur (mannvirki 1006), steinveggur (mannvirki1008) og hola (mannvirki 1027). Af

Þessum mannvirkjum voru tvö rannsókuð nánar haustið 2003 (mannvirki 1005 og 1006) en engin frekari ummerki fundust um mannvirki 1008 eða 1027.


Það var sérstaklega mannvirki 1005 sem vakti athygli en afstæð lega torflagsins eða torfhrunsins benti til þess að það væri eldra en gjóskulögin úr Veiðivötnum (1477) og Örafajökli (1362). Hluti „Landnámssyrpunnar“ fannst undir torflaginum og var mannvirki 1005 því aldursgreint til tímabilsins 950 – 1362 (Roberts, H.M., 2003:6). Við könnunarrannsóknina var talið að torflagið væri fallinn veggur eða annars konar mannvirki (sami).

Út frá þessum niðurstöðum ákvað Fornleifavernd ríkisins að rannsaka skyldi um 200 m² svæði með það að makmiði að komast fyrir um eðli torflags 1005. Í fyrirmælum frá Fornleifavernd ríkisins segir að víkka skyldi könnunarskurð 3 um tvo metra til norðurs og allt að 10 metra til suðurs. Til austurs skyldi uppgraftarsvæðið afmarkast af breidd syðri A - V-arms könnunarskurðar 3 (Fyrirspurn nr. 13365:8).



Mynd 16. Yfirlitsteikning af svæði 137:001. (Teikn. KM, SB).

Grafið var niður á yngstu mannvistarleifar með vélskóflu og svæðið hreinsað í heild sinni. Undan grasrótinni kom mjög einsleitt mannvistarlag (lag 2) sem einkenndist af ljósbrúnni fokmold, blandaðri viðarkolum, sóti og móöskuslettum. Í laginu var nokkur fjöldi gripa, þó sérstaklega efst í því. Sót og gripir báru þess merki að víða á svæðinu væri að finna leifar af öskuhaug. Sérstaka athygli vöktu þó alheilar glerflöskur frá upphafi 20. aldar. Lag 2 var mjög blandað vikri úr Öskju frá 1875 sem jafngildir því *terminus post quem* fyrir lagið (lagið yngra en 1875).



Mynd 17. Yfirlit yfir ný mannvirki sem fundust á svæði 001. (Plan 1 – 3. Teikn. KM, SB).

Eftir hreinsun kom í ljós torf sem svipaði til veggjar við hnitin X 730345,5 og Y 512481. Teygði hann sig til NA að hnitunum X 730348 og Y 512482,5 (mynd 16, D). Hann myndaði rétt horn við annan hugsanlegan torfvegg sem lá samsíða steinaröð (mannvirki 001:A, sjá mynd 16, 17 og 20). Þessar vísbendingar um mannvirki (hús?) réðu staðsetningu 60 m² stórs vinnuskýli yfir svæðið. Í framhaldinu var ákveðið að utan við vinnuskýlið yrðu prufuholur grafnar í þéttu neti til að grennslast fyrir um hugsanleg mannvirki eða mannvistarlög eldri en lag 2.

Prh. nr.	Neðri mörk lags 2	Neðri mörk lags 3	Prh. nr.	Neðri mörk lags 2	Neðri mörk lags 3
1	19,58	19,22	2	19,32	19,00
3	19,67	19,46	4	19,57	19,39
5	19,89	19,54	6	19,84	19,51
7	19,49	19,16	8	18,28	19,79
9	18,19	17,70	10	18,47	17,89
11	18,58	18,15	12	18,75	18,27

Tafla 1. Dýpt laga 2 og 3 í prufuholunum 12 sem grafnar voru utan við yfirbyggða svæðið á 137:001.

Prufuholurnar voru grafnar þegar veður leyfði. Í öllum 12 holunum kom óhreyfður fokjarðvegur (lag 3) í ljós undir lagi 2 en fokjarðvegurinn lá yfir forsögulegum jökulruðningi (lag 4). Tafla 1 sýnir dýpt á neðri mörkum mannvistarlags 2 og foklags 3.

Auk „torfhrunsins“ (mannvirki 1005 = 001:D) voru fimm mannvirki rannsókuð á svæði 001. Hér á eftir verður greint nánar frá þeim hverju fyrir sig.

6.2.7.1 Mannvirki 1006 – kjallari

Kjallarinn sem fannst við könnun hafði aðeins verið grafinn til hálfis eða rétt rúmlega það. Opnað var fyrir norðurhelming kjallarans með vélskóflu og hluti fyllingarinnar var einnig tekinn með skóflunni. Kjallarinn var fylltur dökku mannvistarlagi með miklu af sóti og viðarkolum. Mikill fjöldi gripa (flöskugler, hvítleir, stáláhöld) sem auðveldlega var hægt að greina til 20. aldar var í fyllingunni.

Kjallarinn (1,2 x 1,8 m að innanmáli og 2,16 m²) var byggður inn í klöppina og hún nýtt að hluta í NV-horninu og við vesturvegg. Einnig voru steypuklumpar nýttir í veggjarhleðsluna. Inngangur virðist hafa verið á austurvegg við SA-horn kjallarans en þar mátti greina þrep niður á kjallaragólfið sem var u.þ.b. 80 sm neðan við upprunalegt yfirborð. Gólfið var hellulagt beint ofan á klöppina. Til norðurs og austurs hafði verið fyllt upp með mól að veggjarhleðslunum utan frá.

Um yfirbyggingu eða efri hluta hússins verður ekkert sagt með vissu enda fundust engar leifar af efstu hluta veggjanna eða þaki.

Veggjarbrot nokkuð (mannvirki 1008, Roberts, H.M., 2003:10) sem var skráð við könnun og lá skammt suðaustur af kjallaranum gæti tilheyrð uppbyggingu hans. Í skýrslu könnunarinnar segir:

Context 1008 is interpreted as part of a wall footing. Both features [1006 og 1008] are seen to extend beyond the limits of the current evaluation trench (Roberts, H.M., 2003:10).

Frekari leifar þessa veggjar, sem á að hafa verið u.þ.b. 1 metra sunnan við suðurvegg kjallarans, fundust ekki við rannsóknina í haust hvorki voru merki hans í sniði né plani. Þar sem veggur 1008 á að hafa staðið var einungis örþunnur fokjarðvegur (lag 3) yfir berri klöppinni. Víða á svæðinu, bæði í lagi 2 og 3, lá frostsprungið grjót úr berggrunnum. Það má leiða að því líkum að ætlað veggjabrot 1008 hafi aðeins verið brot úr klöppinni, sem hafi myndað nokkurn veginn samsíða línu við suðurvegg kjallarans og þannig villt mönnum sýn. Einnig er mögulegt að grjótið sé úr kjallaraveggnum eða að þarna hafi legið stétt að kjallaranum frá bæjarhúsum.


Hvaða hlutverk bygging þessi hefur haft er ekki víst. Enginn þeirra sem talað var við og þekktu til á Sómastaðagerði aftur á miðja 20. öld mundu eftir nokkru mannvirki á þessum stað eða höfðu heyrt á það minnst að þarna hafi staðið hús eða mannvirki.

Þó er ljóst út frá þeim gripum sem fundust í kjallarafyllingunni að kjallarinn hefur staðið vel fram á 20. öld. Steypubrot sem nýtt voru við veggjarhleðsluna sýna að kjallarinn var að minnsta kosti endurbýggður um eða eftir aldamótin 1900. Það má vel sjá kjallarann fyrir sér sem geymslu af einhverju tagi. T.d. eru kartöflugeymslur gjarnan niðurgrafnar. Á bænum Hólmar við Reyðarfjörð stóð⁴ hlöðurúst sem var að hálfu niðurgráfin og með hlöðnum veggjum. Sú rúst var sennilega nokkuð stærri en mannvirki 1006 í Sómastaðagerði (Eskja I. 1971:119). Í Lýsingu Íslands segir m.a. svo um hlöður:

Á Vestfjörðum og Austurlandi, einkum á Fljótsdalshéraði, voru smáhlöður algengar á 18. öld, en flestar voru þó illa bygðar og margar í jörðu grafnar. ... í Múlasýslum eru hlöður einnig almennar, oft 4 - 5 á bæ, en víðast mjög smáar; á stöku stað eru þær kringlóttar með topprisi; í Skaftafellssýslum eru líka sumstaðar kringlóttar hlöður toppmyndaðar. (Þorvaldur Thoroddsen 1919:136).



Mynd 18. Kjallarinn fullgrafinn. Horft til SV. (Ljós. BFE, stafr. myndir nr. 39).



Mynd 19. Planteikning af kjallaranum. (Teikn. SB, KM).

Því er líklegast að mannvirki 1006 hafi verið hlaða einhvern tímann á 19. öld.

6.2.7.2. Mannvirki 001:A – steinveggur

Ofarlega í lagi 2 kom steinaröð í ljós sem myndaði 90° horn við hnitin X 730351,5 og Y 512482,8 (mynd 20). Armar þessa vinkillaga mannvirkis lágu annars vegar um 2,4 metra til NV og hins vegar 2 metra til SV frá horninu á mannvirkinu. Mannvirki 001:A var ekki grafið ofan í lag 2 heldur þakti lag 2

⁴ Það var ekki kannað sérstaklega hvort rúst þessi væri enn til. Hún ætti þá að vera skráð.

steinhleðsluna. Hún er því jafngömul eða eldri en lag 2, þ.e. mögulega eldri en 1875. Gjóska úr Veidivötnum (1477) og Öræfajökli (1362) sást í slitrum u.þ.b. 20 – 25 sm undir NV-enda hleðslunnar. Hún er því örugglega nokkuð yngri en 1500. Engir gripir fundust sem hægt var að tengja mannvirki 001:A, en sótflekkir voru meðfram steinhleðslunni.

Upphaflega leit út fyrir að mannvirki 001:A væri einhvern veginn tengt torfvegg sem var aðeins suðvestan við það (mynd 16, D). Hinn ætlaði torfveggur reyndist ekki vera veggur, heldur hluti mannvirkis 001:B (sjá neðar) og stóð ekki í neinu greinilegu samhengi við mannvirki 001:A þó ekki sé hægt að útiloka eitthvert samhengi þar á milli.


Grjóthrúga sem fannst norðan við mannvirki 001:A var (mögulega) yngri steinhleðsla þar sem hún lá ofan á Öskju frá Öskju. Steinhleðslur Grjóthrúgu voru hnefastórir og lítilla sótaðir. Þeir munu hafa verið úr botni öskuhaugs frá 20. öld, sem lá ofan á þessum stað, en var að mestu fjarlægður með vélgröfunni. Grjóthrúgunni var ekki gefið mannvirkjanúmer og stendur hún í engu samhengi við mannvirki 001:A eða önnur mannvirki á staðnum.



Mynd 20. Mannvirki 001:A. Horft til NA. Neðst t.v. má sjá mannvirki 001:B fullgrafið. (Ljós. BFE, stafr. myndir nr. 83).



Mynd 21. Mannvirki 001:B. Horft til N. Efst t. h. má sjá mannvirki 001:A. (Ljós. BFE, stafr. myndir nr. 71).



Mynd 22. Snið mannvirkis 001:B mót vestri. Sjá einnig mynd 21 (snið 1 á mynd 17. Teikn. KM).

6.2.7.3. Mannvirki 001:B – hola fyllt af grjóti

Torfstregur sem lá frá X 730345,5 og Y 512481 u.þ.b. 2 metra til NV og talið var í fyrstu að væri torfveggjarbrot reyndist vera torf- eða mólalag við

nánari skoðun. Lá það í náttúrulegri lægð í landslaginu. Þegar snið (mynd 22) var grafið í torflagið kom í ljós að undir torflaginu var sporöskjulaga hola sem fyllt var með grjóti (sjá mynd 21). Hér var um óbrennda steina að ræða, flestir rúmlega hnefastórir. Holan virðist hafa verið lítillaga grafin ofan í mannvistarlag 2 og er því yngri en 1875. Í holunni fundust þrír gripir, krítarpípuleggur, leirtausbrot og leirplata (Fnr. 70).

Hægt er að leiða getum að því af hverju grjóti var safnað í holuna og henni lokað með torfi eða mó. Mögulega var grjóti af nærliggjandi tünnum safnað saman og torfið notað til að slétta landið en svæðið var fyrr á tímum nokkuð þýft eins og mynstur gjóskulaganna í plani sýndu. Annar möguleiki er að mannvirki 001:A hafi verið skjól fyrir heygarð eða móhrauk. Grjótið í holunni hafi þannig verið eins konar dren fyrir heyið eða móinn. Líklegra er að þarna hafi verið heygarður. Hefur þá hlutverk gryfjunnar hugsanlega verið það að lofta um heyið svo hiti myndaðist ekki. Um slíkan umbúnað má lesa í Lýsingu Íslands en Þorvaldur Thoroddsen vitnar þar í Ólaf Stephensen varðandi heygarða: Segir Ólafur svo:

Svo haga allir góðir búmenn heytyrfingum, þeir láta rista heytorf milli fardaga og Jónsmessu, hringa það í flagi, reiða síðan út og breiða til þurks, en flyja heim til tófta og heygarða, hvar þeir leggja það í bunka, svo eigi nái að vökna, þá það er þurt orðið fyrir slátt; er þá ristur, þurki og heimflutningi torfsins aflokið fyrir heyannir, svo eigi þarf annað að gjöra en taka það úr bunkanum, þá tyrfa skal (Þorvaldur Thoroddsen 1919:135).

Þorvaldur heldur áfram og segir frá því hvernig hægt var að lofta um hey í heygörðum:

Á heystæðinu í gördum og tóftum lögðu menn fyrrum oft hrís undir heyin, þótti það vel gefast, þá urðu engar rekur við gólfið (Ibid 1919:135).

6.2.7.4. Mannvirki 001:C – hola fyllt af grjóti

Í suðursniði syðri hliðararms könnunarskurðar 3, u.þ.b. við hnitin X 730350 og Y 512485 mátti sjá afar ~~gáturulega úrolaga eða holllega fyllt~~ grjóti (mynd 8). Eitt dýrabein fannst í holunni. Holan kom ekki í ljós fyrr en undir lagi 2 og hana mátti heldur ekki greina í sniði, þótt grjótið sæist í því, auk beins.

Ekki er hægt að segja neitt um upprunalega stærð grjóthrúgunnar en að öllum líkindum var hún ekki mikið stærri en hún birtist á teikningu og



Mynd 23. Mannvirki 001:C. Horft til S. (Ljósmynd BFE, stafr. myndir nr. 80\)

ljósmynd. Teikning af N - sniði könnunarskurðar 3 (1007) og birt er í skýrslu (Roberts, H.M. 2003:8) sýnir holu grafna niður í lag 1026 (mjög líklega sama og lag 2). Þessi hola (1027) stendur u.þ.b. 2 metra til V á skjön við mannvirki 001:C (mynd 16 og 23) en botn holanna er í sömu hæð (ca. 19 m.y.s.). Ekki er alveg hægt að útiloka að mannvirki 001:C og 1027 séu sama holan. Steinarnir í holunni voru flatir, u.þ.b. hnefastórir. Hvert hið eiginlega hlutverk þessarar grjóthrúgu var verður ekki sagt með vissu. Mögulega var grjóti af tünnum safnað saman hér eins og getið var til um með mannvirki 001:B. Sennilegasta skýringin er þó sú að þetta sé hluti af botni heygarðs eins og nokkur önnur mannvirki á staðnum. Í holunni fannst eitt stórgripabein.

6.2.7.5. Mannvirki 001:D – torflag

Mannvirki 001:D (= 1005 Roberts, H.M., 2003:6, hér eftir aðeins nefnt 001:D) er dökkgrátt torflag með skírum gulum og rauðum flyksum (sjá mynd 16, 17, 24 og 25). Við könnun í maí 2003 virtist lag þetta liggja í stefnunna NV – SA. Virðist þetta hafa leitt til þeirrar ályktunar að 001:D hafi verið hruninn torfveggur (Roberts, H.M., 2003:6).

Við rannsókina nú í haust kom aftur á móti í ljós að torflagið, sem var aðeins nokkurra sm þykkt (max. 10 sm, mynd 10), dreifði sér yfir 25 – 30 m² svæði. Lagið þynntist til A og voru mörk þess og lags 3 til A afar ógreinileg. Mannvirki 001:D lá undir lagi 2 og beint ofan á lagi 3 og er því eldra en 1875. Ekki var hægt að staðfesta að torflagið lægi neðan við miðaldagjóskaögin úr Veiðivötnum (1477) og Örafajökli (1362) en gjóska, sem greind hafði verið sem hluti „Landnámssyrpunnar“ sumarið 2003, fannst í lagi 3 undir mannvirki 001:D. Margt benti þó til að 001:D væri eldra en miðaldagjóskaögin tvö á svæðinu, þannig að líkleg aldursgreining lagsins er 950 – 1362 eins og áður hefur verið nefnt (Roberts, H.M., 2003:6).


Það má slá því föstu að mannvirki 001:D er ekki hluti af húsi. Hér verður þeirri hugmynd kastað fram að mannvirki 001:D sé hluti af heygarði eða móhrauk. Sé það hluti af heygarði gæti það verið svokallað heyturf (Þorvaldur Thoroddsen 1919:135) og lýst er hér að ofan við rúst nr. 001:B.

6.2.7.6. Mannvirki 001:E – gryfja

Undir lagi 2 kom nánast hringlaga gryfja (mannvirki 001:E) í ljós með miðju við hnitin X 730348 og Y 512478,6 (mynd 2). Þvermál mannvirkis 001:E var um 170 sm og að flatarmáli var það u.þ.b. 2,5 m². Gryfjan var grafin ofan í fokmold (lag 3) alveg niður á forsögulegan jökulruðninginn og sneiddi hún gjóskulag frá Veiðivötnum (1477). Aldur gryfjunnar mun því vera á bilinu frá ca.1500 til 1850. Veggir hennar voru grafnir nær lóðrétt niður og dýpt er u.þ.b. 60 sm. Mannvirki 001:E var fyllt dökkgráum jarðvegi, mjög blönduðum torf- eða móslitrum og -hnausum. Í sniði (mynd 2, snið 3; mynd 11 og 12) gryfjunnar má sjá að fyllingin var lagskipt. Við botn mannvirkis 001:E, sérstaklega austan megin í holunni, lágu flatir steinar og í miðri fyllingunni teygði sig band með torf- eða móhnausum þvert yfir sniðið. Við botn holunnar fannst tönn úr dýri, afar morkin. Aðrir gripir fundust ekki.



Mynd 24. Yfirlit yfir mannvirki 001:D (1005) og langsnið þess. Horft mót V. (Ljósmynd, stafr. myndir nr. 92).



Mynd 25. Langsnið mannvirkis 001:D, mót V. Sniðið sést að hluta á mynd 24. (Snið 2 á mynd 17. Teikn. KM).

Erfitt er að átta sig á mannvirki 001:E og gefa því heiti þar sem engin ummerki fundust sem tengdust gryfjunni (t.d. stoðarholur sem vísbendingu um yfirbyggingu) og ekki veitti fylling holunnar neinar heimildir um nýtingu hennar (t.d. sem ruslaholu).


Holan getur ekki verið jarðhýsi af þeirri gerð sem finnst hér á landi. Hún er of lítil og of ung til þess og hugsanlegt gólf vantar alveg. Því er varpað fram hér sem tilgátu að holan hafi verið notuð til að geyma eitthvað, t.d. mó, en greining á sýni úr holunni (sýni 2 sbr. fylgirit) sýndi að um var að ræða mó, starmýrarmó.

6.2.7.7. Mannvirki 001:F – grjóthrúga

Mannvirki 001:F er smáhrúga (1,7 x 0,6 m) af hnefastórum steinum sem lágu í örlítilli lægð neðst í lagi 2 (mynd 17, 28 - 29). Umhverfis og undir grjóthrúgunni sáust torf- og mósliurur. Mannvirki 001:F (sé virkilega um raunverulegt mannvirki að ræða!) minnir nokkuð á mannvirki 001:C og er þá líklega af sömu gerð. Mannvirki 001:F mun ekki vera eldra en frá seinasta aldarfjórðungi 19. aldar. Grjóthrúgan gæti einnig verið útkast úr húsi, t.d. úr eldstó þess.



Mynd 26. Mannvirki 001:E (Snið 3 á mynd 17. Ljósmynd. KM, stafr. myndir nr. 109).



Mynd 27. Snið mannvirkis 001:E, mót S. Sýni var tekið úr því se kallað er forfhnausar (mór). Sjá einnig mynd 26 (snið 3 á mynd 17. Teikn. KM)



Mynd 28. Mannvirki 001:F. (Ljósm. BFE, stafr. myndir nr. 107).



Mynd 29. Snið tekið í gegnum mannvirki 001:F. Horft til A. (Ljósm. KM, stafr. myndir nr. 113).

6.2.7.8 Samantekt á svæði 137:001

Samkvæmt beiðni Fornleifaverndar ríkisins var um 200 m² svæði rannsakað á bæjarstæði Sómastaðagerðis. Aðeins hluti svæðisins eða um 60 m² sem byggt var skýli yfir, var fullrannsakaður í plani niður á óhreyft. Utan þessa svæðis voru prufuholur grafnar í þéttriðnu neti og svæðið þannig kannað til hlýtar. Í Sómastaðagerði fundust minjar um búsetu sem aldursgreina má í meginatriðum til loka 19. aldar og byrjunar 20. aldar eins og mannvirki 1006, 001:B, 001:C og 001:F (sjá nánar umfjöllun í þessum kafla).



Mynd 30. Steinn með gati (hnappur?) Fnr. 82 (Ljósm. BFE).



Mynd 31. ðmsir gripir á svæði 001. Uppi t.h. má sjá leirtau sem gæti verið frá 16. öld. Nokkur slík brot fundust á svæðinu. Brot þessi gætu verið ungar eftirlíkingingar frá 19. öld. Lengst til vinsti er brot úr þrifótungi úr rauðleir. (Ljósm. BFE).

Mannvirki 001:A og 001:E gætu verið frá 1500 - 1875, steinhlaðinn garður og grifja. Mannvirki 001:D, torflag, gæti verið frá miðöldum (950 - 1362), en um það eru ákveðin áhöld um það hvort þetta sé mannvirki yfir höfuð.

Mannvirki þau sem könnuð voru sýna ekki með öruggum hætti hvar bæjarstæðið gæti hafa verið áður en síðasti bærinn var byggður. Þó verður að draga þá ályktun að bærinn hafi staðið á því sem næst sama stað alla tíð. Síðasti bærinn var byggður á fyrri hluta 20. aldar (um 1930) og hann var rifinn skömmu eftir 1990. Var leifum bæjarins ýtt með jarðýtu ofan í holu eða skurð nokkuð vestan við svæði 001 eða berghelluna þar hjá (af sama manni og vann við að grafa efstu jarðlögin ofan af svæði 001). Í könnunarskurði 4 fundust leifar af þessu húsi og engu öðru. Hugsanlega hefur gamla bæjarstæðinu verið nær eytt af vélum rétt áður en nýja bæjarhúsið var byggt.

Mannvirki 001:D (1006) vekur nokkra athygli, sérstaklega ef aldursgreining þess reynist rétt, þ.e.a.s. ef torflagið er eldra en 1362, og að um raunverulegt mannaverk hafi verið að ræða sem verður að teljast nokkuð ólíklegt. Sómastaða er ekki getið í rituðum heimildum fyrr en 1367 og Sómastaðagerðis ekki fyrr en 1734 (sjá kafla 5). Mannvirki 001:D gæti því verið elsta heimild um búsetu á þessum stað þó sú búseta þurfi alls ekki að tengjast hjáleigunni Sómastaðagerði.




Mynd 32. Yfirlit yfir svæði 001 áður en vinnuskýlið var sett niður. Sjá má skurði frá rannsókninni í júní 2003 hægra megin á svæðinu og yfir það mitt. Kjallarinn (mannvirki 1006) sést niðri t.h. Horft til S. (Ljós. BFE. Stafr. myndir nr. 40).

Setji maður þetta hins vegar í samhengi við rúst 136:016 niðri á Mjóeyri í landi Sómastaða, sem er örugglega þó nokkuð eldri en 1362, þarf þetta ekki að vekja sérstaka undrun. Rannsóknin á svæði 137:001 í Sómastaðagerði styrkir þann grun sem var vakinn með könnuninni í júní 2003 að búseta í landi Sómastaðagerðis næði lengra aftur í tímann heldur en ritaðar heimildir segja til um. Í stuttu máli má segja að nýting á svæðinu virðist hafin fyrir 1362 þótt búseta hafi hafist síðar.

6.2.8 Rúst 002

Upphaflega var ráðgert að grafa 1 x 6 m langan skurð þvert á rústina. Við vettvangsskoðun var ákveðið í samráði við Fornleifavernd ríkisins að grafa aðeins 1 x 1 m stóra prufuholu í rústina en þess í stað grafa 1 x 6 m stóran skurð í aðra rúst, eða rúst 016 í landi Sómastaða.

Holan var staðsett í NA - horni rústarinnar og upp við eða inn í vegg að hluta. Mesta dýpt hennar var 0,7 m í NA - horni. Þar var komið niður á klöpp. Yfirleitt var þó holan 0,47 m djúp. Á 0,34 m dýpi var lag með steinkolum, ca. 2 - 3 sm á þykkt. Í holunni var talsvert af grjóti og var eitt þeirra mjög stórt.



Mynd 33. Staðsetning prufuholu í rúst 002. (Frumteikn. FSÍ. Viðbætur BFE).



Mynd 34. Rúst 002 fyrir rannsókn. Sinan hefur verið slegin með rafmagnsorfi. (Stafrænar myndir nr. 10.).

Í holunni fundust, auk steinkolsins, höldur og brot úr blikkkassa sem var trúlega undan skotfærum, brennd og óbrennd bein húsdýra, fiskibein, rörbútar og „fittings“ og lítil flaga úr leirtaui. Gripirnir voru ekki teknir til handargags, þeim var fargað. Rústin er yngri en 1875, mun yngri. Skv. staðkunnugum (t.d. vélgröfumanninum okkar) hafði síðasti ábúandinn í Sómastaðagerði þarna verkstæði þar sem hann gerði við vélar og annað. Mun þetta hafa verið braggi.

Í veggjum var torf og grjót með flyksum úr Öskju 1875. Ekkert eiginlegt gólf fannst.

Í fornleifaskrá segir m.a. svo um rústina:

Hún snýr að mestu A-V, aflöng, með dyr vestarlega á nyrðri langvegg. Að utanmáli er hún um 8 m löng, og 4 m breið. Að innanmáli er hún 5,5 m löng og 2,5 m breið. Er þetta væntanlega útihús frá Sómastaðagerði. (Elín Ósk Hreiðarsdóttir m.fl. 1999:25).

6.2.9 Rúst 003

Áætlað hafði verið að grafa 1 x 6 m langan skurð þvert á rústina. Skurðurinn varð að endingu ca. 1 x 10 m (N - S). Notuð var vélgrafa til að fletta grasrótinni ofan af rústinni. Það varð ljóst þegar eftir fyrstu skóflustungu að hér var ekki um fornleifar að ræða. Aðeins 0,14 m undir yfirborði kom í ljós steypur flötur. Var hann ca. 2,5 m breiður, en lengd hans ekki könnuð frekar. Hóllinn var 7 x 8 m og þá hefur hinn steypiti flötur ekki verið lengri en tæpir 8 m. Sjá mátti við enda plötunnar að þar hafði verið sett bárujárn til að afmarka hinn steypita flöt og var afþrykkið mjög greinilegt (sjá stafrænar myndir nr. 19 - 21).


Undir plötunni var sjávarmöl (púkk).

Vestan megin við hólsrótina mátti greina grjóthleðslur.

Við plötuna og á henni fannst talsvert magn af striga eða strigapokadræsum. Þeim var fargað (sjá stafrænar myndir nr. 22).

Ekki eru nein áhöld um að rústin var ung og allt benti til þess að um stríðsminjar sé að ræða. Hugsanlega hefur þarna verið fallbyssuhreiður með sandpokum í hring eða hálfhring. Rústin stendur á sjávarbakkanum. Í fornleifaskrá segir m. a. svo um rústina:

Þar er stakur hóll, fremur hár og um 10 m í þvermál. Er hann grösugur og jafn en hvílt ofan í hann að ofan. Ekki er að sjá mannvirkjaleifar ofan á hólnum, en manngerður virðist hann vera að einhverju leyti, því í vesturkantinum neðst er greinileg hleðsla úr grjóti. Er hún úr meðalstóru fjörugrjóti, snýr nánast N-S, og sjást um 12 metrar af henni við hólsræturnar. (Elín Ósk Hreiðarsdóttir m. fl. 1999:25).



Mynd 35. Staðsetning profuskurðar í rúst 003. (Frumteikn. PK. Hreint. BFE).



Mynd 36. Rúst 003 fyrir rannsókn. (Stafrænar myndir nr. 15).

6.2.10 Rúst 005

Þegar rústin var fyrst skráð 1999 var henni lýst og hún teiknuð þannig að skilja mætti að norður hlið eða gafl vestara hólfsins hafi numið við norður enda hins eystra hólfs eða það sem er sjálft naustið. Við nánari könnun reyndist svo ekki vera heldur var hólfið mun sunnar eða sem nemur stærð hólfsins. Í það vantaði vestur- og suðurvegg. Í nánasta umhverfi rústarinnar til vesturs mátti grilla í fleir rústabrot. Rústin stendur á sjávarbakkanum.


Veggir rústarinnar voru úr grjóti. Holan, sem var 1 x 1 m stór, var tekin út á gólfinu og mesta dýpt hennar var 0,54 m í SV - horninu. Rétt undir yfirborðinu, á 0,13 m dýpi, var komið niður á hellulagt gólf sem náði yfir alla holuna. Undir hellunum var rauðleit möl og dautt.

Á hellunum, á milli þeirra og beint undir fundust leifar af steinkolum, jární, gleri, múrsteinum, leirkerum og beini úr kind(?). Ofan á hellunum, í holunni NA - verðri, fundust skeljar. Leifar af þaki (viður) lágu ofan á hellunum.


Rústin er ung, sennilega frá því um miðbik 20. aldar og yngri. Þarna mun hafa verið naust Sómastadagerðis hin síðari ár.

Í fornleifasrká segir m. a. svo um rústina:

Skiptist það [mannvirkið] í tvö hólfi: hið vestara er ferhyrnt að lögun, um 3 m á hvorn veg. Engar dyr eru sjáanlegar. Fast við austurvegg þess er annað hólfi, opið í suðurenda, á móts við sjóinn. Norðurgafllinn er um 3 m langur, en að innanmáli er tóftin um 2,5 m. Austurveggurinn er 8 m langur. Hleðslurnar í veggjunum eru úr grjóti, um 40 sm breiðar en misháar, allt frá 20 sm og um eða yfir 1 m. (Elín Ósk Hreiðarsdóttir m. fl. 1999:25).



Mynd 37. Staðsetning prufuholu í vestara hólfi rústar 005. (Frumt. J.K.Á./P.K./K.M. Hreint. BFE).



Mynd 38. Hluti af rúst 005. Á miðri mynd má sjá vegginn sem skilur að hólfin. (Stafrænar myndir nr. 12).

6.2.11 Rúst 006

Grafin var 1 x 1 m stór hola á stað sem skráður hafði verið sem tóft í fornleifaskrá. Mesta dýpt holunnar var 0,65 m í suðvesturhorni. Í grasrótinni var farið í gegnum leifar af þaki og komið niður á trégólf. Undir því var möl og dautt.

Í holunni fannst plast og netadræsur (síldarnet). Ekkert benti til þess að eldri minjar hafi staðið þarna og þessar sem skoðaðar voru eru ungar. Ekkert form var greinalegt. Í fornleifaskrá segir svo um þessa ætluðu tóft:


Í túninu, um 40 m suðaustur frá bænum stóð timburkofi sem fallið hefur nýlega. Eru timburleifar þar á víð og dreif. Hefur hann staðið í eldri tóftum, en ummerki þó svo óljós að ekki verður slegið á þau máli. (Elín Ósk Hreiðarsdóttir m. fl. 1999:25).

6.2.12 Rúst 136:016 (í landi Sómastaða)

Í fyrstunni var áætlað að grafa aðeins 1 x 1 m stóra holu í þessa rúst, en við vettvangsskoðun var ákveðið að grafa þarna skurð og var fyrst stefnt að því að hafa hann 1 x 6 m stóran. Þegar yfir lauk reyndist skurðurinn vera 1 m breiður og rúmir 14 m að lengd.

Rétt undir grasrótinni komu veggjahleðslur í ljós og fundust þar þrjár önglar (F.nr. 1). Snemma kom í ljós að þessi rúst geymdi eitthvað meira og merkilegra en aðeins eina unga rúst. Var því ákveðið að setja upp eigið hnitakerfi og eigin hæðarpunkt. Tveir punktar í þessu kerfi voru síðar mældir upp af Verkfræðistofunni Hönnun á Reyðarfirði og nákvæm hæð einnig.

Staðsetning punktana er: $X\ 100\ Y\ 199,80 = N\ 512095,389\ W\ 729944,503$. Hæð 6,783. $X\ 110\ Y\ 199,80 = N\ 512104,487\ W\ 729940,386$. Hæð 7,831 m.y.s.



Mynd 39. Staðsetning prufuskurðar í rúst 136:016. Teikningin er úr fornleifaskrá FSÍ. (Viðbætur BFE). Rústin breyttist nokkuð við endurteikningu sbr. mynd 42.



Mynd 40. Horft yfir rúst 136:016 fyrir rannsókn. Rústin sést ekki öll. Við sjóinn er Mjóeyrin. Horft til S. (Stafrænar myndir nr. 16).

Hæðarpunkturinn var mældur kl. 11:45 þann 9. september. Var þáverandi sjáavarstaða notuð til hliðsjónar. Punkturinn var settur á stein eða bjarg ca. 10 m ANA af nyrðri enda skurðarins eins og hann var upphaflega, þ.e.a.s 6 m langur.

Í fornleifaskrá segir m.a. svo um rústina:

Beint upp af víkinni er stakur hóll, grösugur og reglulegur í lögun, brattari sunnan en sléttari norðan. Á honum miðjum er tóftin. Hún snýr u.þ.b. NNV-SSA, 5 m löng og um 4 m breið. Suðvesturhornið er horfið, en dyr gætu hafa verið nýrstuðustuveg Gafía þarna hálfa sjóhúðan heitað hringtaillinngetakken (Einar Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 1999:23).



Mynd 41. Rúst 136:016 fyrir rannsókn. Horft er til VSV. (Stafrænar myndir nr. 17).


Rústin er mjög ógreinileg í forminu og því erfitt að draga hana upp. Við nánari skoðun virtist hún vera talsvert frábrugðin þeirri rúst sem dregin var upp við upphaflegu skráningu (sbr. mynd 39 og 42).

Ekki var hægt að gera sér fulla grein fyrir því hve margar kynslóðir húsa lágu þarna ofan á hver annari, en þær hafa varla verið færri en þrjár. Á mynd 42, sem teiknuð var áður en að rannsókn hófst á hólnum, má sjá að einhverskonar hólf virtust vera sunnan við yngstu og greinilegustu rústina. Þessi hólf eru mun neðar en yngsta rústin og utan í hólnum. Hugsanlega tengjast þessi hólf elstu minjunum á staðnum. Ekki var hægt að tengja eitt af þessum hólfum (það sem skurðurinn fór yfir) elstu rústinni að þessu sinni.


Í umsögn jarðfræðings segir svo um jarðlög í rústinni og aldur hennar:

Í N-enda skurðs eru þykk torflög og grjótlag neðan við gjóskulagið Ö-1362 (mynd 1). Í miðhluta skurðsins eru grjóthleðslur og torflög sem innihalda gjóskulögin Ö-1362 og V-1477. Í grasrótinni yfir þessum veggjaleifum eru flekkir af gjóskulaginu A-1875. Við S-enda skurðsins má sjá torflög eldri en Ö-1362, líkt og í N-endanum (þyrfti að skoða betur). Um 1,5 m sunnan við N-enda skurðsins eru a.m.k. þrjú strenglög með LNS (neðst í skurðinum). Í ljósi þessara athugana má fullyrða að um er að ræða a.m.k. tvö misgömul mannvirki, annars vegar eldra en gjóskulagið Ö-1362 og hins vegar yngra en gjóskulagið V-1477 og eldra en A-1875. Ekki er útilokað að um enn fleiri byggingarstig sé að ræða en um það verður lítið sagt án frekari rannsókna. Ekki hafði verið grafið í gegnum mannvistarlög þann 23. október. (Magnús Á. Sigurgeirsson 2003:1-2).

Umrædd torflög, sem einnig sjást á teikningu 46, eru ekki jafn umfangsmikil og af textanum og teikningunni mætti ráða. Aðeins sáust mjög óljósar slittrur af torfi. Aðstæður geta þó hafa haft ákveðin áhrif á túlkunina varðandi þetta



Mynd 42. Rúst 016 eins og hún kom fyrir sjónir fyrir rannsókn og lega skurðarins. Myndin bendir eindregið til þess að um flóknar rústir sé að ræða. (Litaafbrigði gætu sýnt misæmlar rústir).



Mynd 43. Gjóskustöpull (snið) í rúst 016 í landi Sómastaða. (Úr Magnús Á. Sigurgeirsson 2003).


atriði. Birta var af mjög skornum skammti, en jarðlög dökk og því nokkuð erfitt að greina litabrigði í sniðunum.

Sé þessi athugasemd jarðfræðingsins hins vegar rétt, að LNS - lagið (Landnámssyrpan 871±1 AD) hafi fundist í skurðinum norðanverðum gæti það bent til þess að um verulega fornar rústir sé að ræða neðst og að rústin sem kölluð hefur verið elsta rúst sé það alls ekki.


Þess ber að geta að skurðurinn var lengdur til norðurs eftir að jarðfræðingurinn gerði sína könnun. Mun hún hafa verið gerð u.þ.b. við endimörk eldri rústanna (sjá teikn. hér að neðan bls. 36).

Af sniðteikningu, sem nær í gegnum alla rústina, má ráða að rústin (allar kynslóðir) sé eldri en 1362. Má leiða að því líkum að þegar gjóskan frá Örafajökli 1362 féll hafi þarna verið rúst þar sem grjót úr veggjum hafi staðið upp úr sverðinum og gjóskan því ekki fest þar á. Norðan við rústina sást þetta gjóskulag ekki á vænum kafla og það gæti stafað að því að norðan-vindarnir hafi feykt henni burtu. Nánari rannsóknir munu væntanlega skera úr um þetta.


Strax í upphafi uppgraftarins var ljóst að mikið var af grjóti í rústinni, bæði veggja- og þakgrjót. Var nánast ógerningur að skera úr um hvað var hvað, en meginlínurnar voru þó skýrar, þ.e.a.s. upprunaleg staðsetning veggja var á hreinu. Hafa þeir verið að mestu leyti úr grjóti með lítið eitt af jarðvegi (torfi?). Yngsta rústin hefur verið um 7 m löng (A - V) og skv. óljósum ummerkjum á yfirborði um 5 m breið. Eldri rústir voru stærri. Á milli steinanna í rústinni var hrun úr þaki, en eiginlegt gólf fannst ekki. Hefur það trúlega verið moldargólf (hellulagt var það ekki). Víða sáust flekkir með viðarkolum og brenndum beinum á milli steina.



Mynd 44. Plan 1 og 3 í rúst 016 samsett. A.m.k. tvær kynslóðir húsa sjást á myndinni. Sú elsta sést þó ekki. Mynd 45 skarast lítilega við þess mynd (þessi nær ekki jafn langt til norðurs).



Mynd 45. Plan 8 (neðsta plan) í rúst 016. Sjá má hellulagt gólf og veggjasteina á því og við það.



Mynd 46. Sníð í rúst 016. Veggir á þessari mynd ekki þeir sömu og á mynd 44. Myndin skarast lítlega við mynd 44. Þessi nær lengra til norðus.



Mynd 47. Efstu og yngstu veggjahleðslurnar að koma í ljós í 016. Horft til suðurs. Við sjóinn má sjá Mjóeyrina. (Ljósm. BFE. Stafr. myndir nr. 9).



Mynd 48. Neðstu steinar í veggjum yngsta hússins komnir í ljós. Horft til suðurs.
(Ljósm. BFE. Stafr. myndir nr. 15).



Mynd 49. Hellulagt gólf í elsta húsinu. Sjá má steinaröð í forgrunni sem liggur yfir hellulagt gólfið. Þessi röð er annaðhvort hluti af innri skipan hússins eða veggur í yngra húsi (sem er ólíklegt). Horft til suðurs. (Ljóssm. BFE. Stafr. myndir nr. 23).

Um einstakar aðrar kynslóðir húsa verður ekkert sagt með vissu að svo stöddu aðrar en það elsta. Í því var hellulagt gólf og mátti víða sjá hellubrot (fleyga) á rönd sem trúlega hafa verið til að skorða hinar stærri gólfhellur af. Á kafla lá veggur beint ofan á þessu gólfi og gæti það annaðhvort verið leifar af millivegg inni í húsinu eða yngra hús. Í norðurenda skurðarins fundust tvær stóðarholur. Var önnur þeirra (sú syðri) steinfóðruð með hellum (sjá mynd 50). Holurnar voru ekki grafnar út (vegna frosts). Ofan á þessu hellulagða gólfi var gríðarlegt magn af grjóti sem hlýtur að hafa verið að mestu leyti úr þaki, þótt eitthvað kunni að hafa hrunið úr veggjum.



Mynd 50. Stóðarhola 1 í rúst 016. Holan er steinfóðruð með hellum á rönd. Stóðarhola 2 var ófóðruð og nokkuð breiðari um sig. (Ljósmynd. BFE. stafr. myndir nr.

Rétt undir grassverðinum í skurðinum sunnanverðum fundust þrjár önglar. Voru þeir allir inni í yngsta húsinu og fundust á nær sama stað (sjá Fnr. 1). Utan við rústina, í brekkunni, fannst ætlaður hnoðnagli (Fnr. 2). Inni í eldri rúst (eldri kynslóð) fundust enn tveir önglar úr járni 0,25 m frá hvor öðrum í sunnanverðum skurðinum (Fnr. 3 og 4). Voru þeir 0,45 m neðar í moldinni en fyrstu önglarnir og því eldri. Nokkru neðar, eða um 0,3 m neðan við síðasttöldu önglana fannst koparþynna sem ekki er hægt að greina frekar og 0,5 m neðan við hana (6,30 m.y.s.) fannst krítarpípuhaus úr hvítleir. Engir þessarar gripa gefa neitt til kynna um aldur sinn en krítarpípuhausinn getur ekki verið eldri en ca. 1600 og er trúlega nokkuð yngri.

Í gólfi neðstu rústarinnar fundust brennd bein (sýni nr. 2). Voru þau send til C-14 greiningar hjá Beta Anal. Inc. á Florida, USA. Sýnið hefur fengið númerið 187351 hjá Beta og mun niðurstaða liggja fyrir þann 2. febrúar 2004. Í gólfinu sáust einnig viðarkolamolar og einstaka brennd bein. Engir gripir fundust í þessu neðsta gólfi.



Mynd 51. Tvö brot úr krítarpípuhaus sem fundust í rúst 016. Sjá má skreytingu við efri rönd haussins. Þetta er stór haus sem bendir til ungs aldurs. (Fnr. 7).

Trúlega eru hinar yngri kynslóðir húsa tengdar sjósókn, sjósókn, sbr. önglana. En elsta elsta rústin gæti hafa þjónað öðrum tilgangi. Greinilegt er að er að í byggingu hennar hefur hefur verið lögð talsverð fyrirhöfn. Vel hlaðnir veggir, veggir, hellulagt gólf og stoðarholur benda til þess. Er Er syðri stoðarholan tiltölulega

tiltölulega sver sem gæti bent til þess að húsið hafi verið mikið um sig.

Viðarkol og brennd bein í gólfi (sem enn er ekki fullrannsakað) benda ótvírætt til mannbústarðar af einhverju tagi. Þeirri tilgátu er varpað fram hér að rúst þessi sé leifar hjáleigu sem ekki hefur ratað í heimildir. Þegar býli þetta hefur fallið eyði hefur sjóbúð eða því um líkt verið reist á rústum býlisins. Nánari rannsókn mun skýra þetta mál.

6.2.13 Prufuhola á Mjóeyri við X 63 Y 195

Niðri á Mjóeyri virtust vera einhver ummerki um mannvirki á eyrinni norðanverðri. Því var ákveðið að færa hnitakerfið niður á eyrina og grafa þar prufuholu 1 x 1 m stóra. Byrjað var á því að grafa í holu sem virtist manngerð. Grafið var 0,4 m niður fyrir botn holunnar. Í henni fundust steinkol, frauðplast og klébergsbrot úr grýtu. Klébergsbrotið hlýtur að hafa borist ofan í holuna á seinni tímum. Það gæti þó bent til þess að einhvers staðar á eyrinni kunni að leynast fornleifar. Sjá má staðsetningu holunnar á mynd 40 í byrjun kafla 6.2.12, en hún var rétt hægra megin við fuglastapann á myndinni, niðri á eyrinni.

Fleiri prufuholur þarf að grafa á eyrinni.

6.2.14 Prufuhola við X 106 Y 215

Holan var grafin nokkuð austan við 016 á stað sem virtist geta geymt fornleifar. Grafin var 1 x 1 m stór hola sem varð 1,3 m á dýpt. Kom ekkert í ljós sem benti til mannvistar.

6.2.15 Rúst 1 í landi Sómastaðagerðis (nýskráð)

Grafin var 1 x 1 m stór hola í rústina sunnanverða, utan í vegg. Lítið var um jarðveg í holunni og var komið beint niður á grjót. Ekkert gólf fannst og engar




Mynd 52. Nýskráð rúst nr. 1 í landi Sómastaðagerðis. Prufuholan var grafin neðst á myndinni. Horft er til NNV. (Ljós. BFE. Fornleifaskrá nr. 1).

vísendingar voru um mannvistarlög. mannvistarlög. Rústinni svipar mjög mjög til rústar nr. 1920, (sem er skammt hjá). Hugsanlegt er einnig að að rúst 1019 og áður óskráð rúst nr. 6 nr. 6 hafi allar verið sömu gerðar og og frá sama tíma, en rúst 1019 og 1020 gætu verið frá 16. - 18. öld sbr. sbr. mat jarðfræðings (Magnús Á. Sigurgeirsson 2003). Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

6.2.16 Rúst 10 í landi Sómastaðagerðis/Sómastaða. Mylla? (nýskráð)

Rústir þessar eru sín hvoru megin við lækinn (Bæjarlækinn), vestur af Sómastaðagerði. Allavega fjórar minjar voru skráðar á staðnum, rúst, skurður (kanall), þúst með holu og garður. Ákveðið var að kanna þessar rústir frekar með nokkrum prufuholum og skurðum. Rannsóknin beindist að rúst vestan við lækinn (rúst 1) og þúst austan við lækinn (rúst 3). Sjá nánar meðfylgjandi



Mynd 53. Snið í prufuholu 1. Myndin er tekin syðst í prufuholunni. Horft til A. (Ljós. BFE. HQ myndir nr. 30).



Mynd 54. Snið í prufuholu 1. Horft til N. Ljós. BFE. HQ myndir nr. 32.


fornleifaskrá.

Í eða við rúst 1 voru tvö minni svæði skoðuð. Í S - hluta rústarinnar var fyrst 1 x 3 m stór hola grafin. Var þess freistað að finna vegg og gólf. Í ljós kom mjög óljós veggur úr jarðvegi (ekki torfi) á suðurhlið rústarinnar. Samskonar veggur sást einnig á norðurhliðinni þegar holan var stækkuð til vesturs um 1 m. Þunnt og illgreinanlegt gólf sást innan við þessa vegg og í því fundust nokkrir gripir.

Voru það leirtau, flöskugler og lás úr járni. Gripirnir bera það með sér að vera ekki ýkja gamlir. Er lásinn t.d. mjög líkur lás sem fannst á bæjarstæði Sómastaðagerðis (nr. 1, lausafundir), en þó mun minni (sjá fundaskrá myllu).

Norðan við rúst 1 var grafinn 0,5 x 6,5 m langur skurður. Hann fylltist strax af vatni og var ekki hægt að skoða hann að neinu ráði. Tilgangur þessa skurðar var að freista þess að sjá ummerki um kanal eða skurð að rúst 1. Það gekk ekki eftir.

Í gólf rústar 3 var 1 x 1 m stór hola grafin utan í vegginn (prh. 1). Reyndist aðeins 0,2 m niður á klöppina og ekkert kom í ljós sem benti til mannvirkis. Við suðurenda rústarinnar, sem er hola eða geil inn í hólinn, er fyrirhleðsla úr grjóti sem sýnir að um einhverskonar mannvirki er að ræða þó ekki verði sagt til um það nú. Veggurinn var í raun hamar eða klettur.



Mynd 55. Myllan hjá Sómastaðagerði. Með rúst 2 er átt við ræsi eða skurði sem liggur vestan við rúst 1. Fjarðlægðin á milli rústar 1 og 2 hefur verið minnkuð um fimm metra. Rúst 2 er kanall eða skurður. Hugsanlega leynist rúst 4 við prufuholur 2 og 3 ofan við rúst 3 (Teikn. KM).



Mynd 56. Ætluð mylla við lækinn Hólshúslæk(?) skammt vestur af Sómastaðagerði. Fremst á myndinni má sjá rúst 3 þar sem prufuhola 1 var grafin austanmegin við lækinn. Handan lækjarins og rústar 3 má sjá rúst 1 og minjar nr. 2 (kanall eða skurður) neðan við barðið. (Ljósm. BFE. Stafrænar myndir nr. 60).

Norðan við rúst 3 var grafin 1 x 1 m stór hola (prufuhola 2). Þar fundust engin ummerki um mannvist önnur en bein úr meðalstóru spendýri (kind?).

Tvo metra austan við prufuholu 2 var prufuhola eða skurður 3 grafinn. Var hann ca. 0,5 x 4 m stór. Ekkert kom í ljós sem benti til mannvistar.

Nokkru neðar í læknum er garður sem legið hefur þvert á lækinn. Hann var ekki kannaður frekar, en þar hefur trúlega verið einhverskonar stífla.

Öll ummerki um mannvirki eru afar óljós á þessum stað og ástæðan trúlega sú að lækurinn hefur farið illa með veigalitlar rústir þegar vatnavextir hafa verið í honum. Umhverfið ber þess merki að vatnavextirnir geti orðið talsverðir og þá eru rústir úr grjóti, torfi og timbri ekki mikil fyrirstaða. Gripirnir í rúst 1 sýna að þarna hefur staðið mannvirki og sennilega á 19. öld. Þetta mannvirki hefur tengst læknum á einn eða annan hátt og þá kemur fátt annað til greina en mylla (korn- eða þófaramylla) eða litunarhús. Hugsanlegt er að bæði þófaramylla og litunarhús hafi staðið þarna um skamma hríð, en leifar þeirra séu því sem næst horfnar

6.2.17 Garður 11 í landi Sómastaða (nýskráður)

Grafir voru tveir skurðir þvert á garðinn. Syðri skurðurinn var ca. 2 m frá nýskráðum fornleifum nr. 9 (kálgarði). Var hann 0,5 - 0,55 m breiður og 3 m langur. Mesta dýpt hans var 0,58 m. Garðurinn er úr jarðvegi (mold). Gjóskulagið A 1875 sást beggja vegna garðsins í sniðunum.

Nyrðri skurðurinn var 14 m ofan við þann syðri. Var hann 0,6 m breiður og 2 m langur. Mesta dýpt hans var 0,55 m. A-1875 sást á 0,2 - 0,3 m dýpi austan megin við garðinn.

Garðurinn er trúlega eldri en 1875. Hvert hlutverk hans kann að hafa verið er ekki ljóst, En geta má sér til að hann hafi verið túngarður utan um Sómastaðagerði. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifasrká.



Mynd 57. Syðra sniðið í garð 11. Sjá má ljósa rönd í sniðinu, en það er úr Öskugosinu 1875. Horft er til N. (Ljós. BFE. Stafrænar myndir nr. 114)



Mynd 58. Nyrðra sniðið í garð 11. Ljósa lagið sést hægra megin á myndinni og virðist ekki ná yfir sjálfan garðinn sem er mjög óljós í sniðinu. Horft er til N. (Ljós. BFE. Stafrænar myndir nr. 116)

7 Niðurstaða

Á hinu fyrirhugaða verksmiðjustæði Alcoa var grafið í nokkrar fornleifar eða ætlaðar fornleifar. Í ljós kom að megnið af rústunum voru yngri en 100 ára og teljast því ekki til fornleifa skv. þjóðminjalögum og njóta ekki verndunar laganna (Þjóðminjalög 2001). Einnig kom í ljós að sumar ætlaðar rústir voru ekki mannvirki heldur seinni tíma hróf eftir vélar.

Tvær rústir (nr. 1019 og 1020) eru sennilega eldri en 1875 og jafnvel frá 16. - 18. öld. Um rúst 1019 er ákveðinn vafi á því hvort um mannvirki hafi verið að ræða yfirleitt. Ekki þykir ástæða til að kanna rústirnar frekar. Teikningarnar sem þegar liggja fyrir segja allt sem hægt er að segja.

Á svæði 001, hluta af bæjarstæði Sómastaðagerðis, komu engin gömul hús í ljós önnur en kjallari frá 19. öld. Hann var fullrannsakaður. Flest annað sem fannst á svæðinu má aldursgreina til tímabilsins 1875 - 1970. Á svæðinu

fundust þó veik ummerki sem benda til manlegra athafna á tímabilinu ca. 1500 - 1875 og hugsanlega má halda því fram að ummerki um mannvist fyrir 1362 sé þarna að finna. Er þar átt við torflag (mannvirki 001:D). Vísbendingarnar eru afar óljósar og verða varla kannaðar frekar.

Í landi Sómastaða var rúst nr. 016 könnuð með þverskurði. Í ljós kom að þar eru minjar talsvert eldri en 1362 og sennilega nokkrar kynslóðir húsa. Líkur benda til að þarna hafi ekki alltaf staðið rúst með sama hlutverk. Giskað er á að þarna kunni hjáleiga frá miðöldum að leynast. Þessa rúst þarf að rannsaka til hlýtar.

Við upphaflega könnun á framkvæmdasvæðinu (álver og hafnarsvæði) árið 1999 voru 8 rústir skráðar. Þeim fjölgaði svo bæði eftir forrannsókn í júní 2003 og enn frekar við lokarannsóknina í okt. - nóv. 2003. Nú eru fleri en 34 rústir á 31 stöðum skráðar á framkvæmdasvæðinu. Þær rústir sem ekki voru þekktar þegar ákveðið var að fara út í fornleifarannsóknir á svæðinu í haust síðastliðið hafa nú verið skráðar og sumar þeirra rannsakaðar þar sem ástæða þótti til. Voru ákvarðanir um rannsókn teknar í samráði við Fornleifavernd ríkisins. Enga þeirra er talin þörf á að rannsaka frekar, nema ef vera skyldi ætlaðar rústir myllu skammt vestur af Sómastaðagerði. Þar eru minjarnar hins vegar illa farnar og ekki miklar líkur á að rannsókn muni varpa skýrara ljósi á rústirnar.

Fleiri rústir eða minjar þykir ekki ástæða til að rannsaka.

8 Heimildir

- Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Adolf Friðriksson. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við álver í Reyðarfirði*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 1999.
- Eskja*. Sögurit Eskfirðinga I. bindi. Einar Bragi Sigurðsson sá um útgáfuna. Örnefni við Eskifjörð. Sögur og sagnir af örnefnasvæðinu. Eskifirði 1971.
- Eskja*. Sögurit Eskfirðinga II. bindi. Einar Bragi Sigurðsson sá um útgáfuna. Eskifjarðarkaupstaður. Upphaf byggðar og fríhöndlunar. Eskifirði 1977.
- Fornleifaskrá Íslands*. Fornleifafræðistofan.
- Fyrirspurn nr. 13365*. Uppgröftur og rannsóknir í landi Sómastaðagerðis við Reyðarfjörð. Handrit. Fornleifavernd ríkisins, ágúst 2003.
- Hörður Ágústsson. Íslensk byggingaarfleifð I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750 - 1940. Húsafríðunarnefnd ríkisins. 1998.
- Íslenskt fornbréfasafn*. Þriðja bindi 1269 - 1415. Kaupmannahöfn 1890.
- Ibid.* Fjórða bindi 1265 - 1449. Kaupmannahöfn 1897.
- Ibid.* Tíunda bindi. Reykjavík 1911.
- Ibid.* Tólfta bindi. Reykjavík 1923 - 1932.
- Ibid.* Þrettánda bindi. Reykjavík 1933 - 1939.
- Johnsen, J. *Jarðartal á Íslandi*. Kaupmannahöfn 1847.
- Magnús Á. Sigurgeirsson. *Fornleifarannsókn í Sómastaðagerði í Reyðarfirði - áfangaskýrsla*. Gjóskulagagreining. Handrit. Reykjavík 2003.
- Manntal á Íslandi 1703. Reykjavík 1924-1947.
- Manntal á Íslandi 1801. Norður- og Austuramt. Reykjavík 1980.
- Manntal á Íslandi 1816. 1. hefti. Suðurmúlaprófastdæmi. Akureyri 1947.
- Manntal á Íslandi 1845. Norður- og Austuramt. Reykjavík 1985.
- [Roberts, H.M.]. *Land at Sómastaðagerði and Hraun, Reyðarfjörður: First Stage Archaeological Evaluation. Initial results and preliminary interpretation*. [Fornleifastofnun Íslands. Handrit. Reykjavík 2003].
- Roberts, H.M. *Land at Sómastaðagerði and Hraun, Reyðarfjörður: An Archaeological Evaluation*. With contribution by Dr. Gavin Lucas and Dr. Orri Vésteinsson. Handrit. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2003.
- Sveitir og jarðir í Múlapingi*. III. bindi. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands. 1976.
- Ibid.* V. bindi. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands. 1995.
- Sýslu- og sóknalýsingar. Múlasýslur. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Reykjavík 2000.
- Þjóðminjalög nr. 107, 20. maí 2001. Þingskjal 1490, 126.

Þorvaldur Thoroddsen. Lýsing Íslands. Gefin út af hinu íslenska
Bókmenntafélagi. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn 1919.
Örnefnaskrá. Sómastaða. Stefán Einarsson prófessor tók saman. Handrit.
Örnefnastofnun.
Örnefni við Reyðarfjörð. Örn G. Eiríksson tók saman. Handrit.
Örnefnastofnun.

9 Úr dagbók (brot)

8. okt.

Að sögn vélgröfumannsins sem aðstoðaði okkur, var þarna [við rúst 002] braggi sem notaður var sem bílskúr af síðasta ábúandanum.

Á milli þessara rústa [nr. 006] og aðalsvæðisins á bæjarstæðinu er grænn hóll sem ýtt hefur verið upp í seinni tíð. Þar stóðu fjárhúsin. Þau voru rifin og sléttað yfir.

15. okt.

Skúrinn kom á mánudag [þann 13.]. Rafvirkinn kom í dag en eftir er að tengja skúrinn við heimtaug.

Smiðurinn kom á mánudag og leit á staðinn. Hefur ekki sést síðan. Rúst 016 er öllu merkilegri en aðrar rústir. Hún er trúlega eldri en 1362. Þar er mikið af grjóti. Einstaka viðarkolamolar og brennd bein hafa komið í ljós, en ekkert gólf enn. Neðan við rústina er eyri og þar er t.d. hola sem trúlega er manngerð. Getur verið að þar leynist fleiri rústir? = Útræði - verslun? Þarf að fá örnefnaskrár.

Á bæjarstæðinu eru hlutirnir farnir að skýrast aðeins. Þmsilegt bendir til þess að þarna sé fornt hús. Er hugsanlega veggur austan við það sem fannst við forrannsóknina. Í sniðum má greina hann, en gólf er nánast ekkert. Þetta skýrist þegar neðar verður komið og veggirnir fara að sjást í plani.

22. okt.

Frost í morgun og ekki hægt að grafa. Hitablásari ekki kominn svo við verðum að bíða fram yfir hádegi. Sjónvarpið kom þá. Verðum að fá kuldaskó! Hinn svokallaði nýi veggur á bæjarstæðinu (sbr. teikn. nr. 1) er aðeins þunn skán af torfi, varla eiginlegur veggur. Hins vegar virðast leifar af húsi vera að koma í ljós og eru steinar og bein í sniði skurðar frá forrannsókninni trúlega á gólfi þessa húss. Gólf fundið í 016. Hugsanlega um tvö hús að ræða og hið yngra ofan á því eldra. Bæði eldri en 1362!!! Eldra húsið er stærra. Frá og með í dag verður gripum safnað saman 1 x 1 m flötum (öllum). SV - horn látið ráða nafni.

24. okt.

Frost í morgun. Ekki hægt að vinna við 016, sem nýtur ekki lengur sólar og er frosið allan daginn. Öllu keramik í 001, sem er minna en 1 króna, er hent.

Ákveðið að taka prufuholur í námunda við 016 og lengja skurðinn til N (þegar hlýnar). Rúst 016 ætti að rannsaka til hlýtar og eru allir fornleifafræðingarnir hér sammála um það. Hún verður sennilega grafin þó síðar verði.

29. okt.

Hjá 016 var grafin prufuhola við X 106 Y 215 (1 x 1 m). Grafið var niður á ca. 1,3 m og voru þá ófarnir ca. 0,1 m niður á jökulruðning. Í holunni kom ekkert í ljós sem benti til mannvistar.

Neðan við 016, niður á Mjóeyri, var einnig grafin prufuhola 1 x 1 m við X 63 Y 195. Þar var hola sem reyndist full af ungu drasli, en þar fannst einnig klébergsbrot! Grafið var niður á og niður fyrir mölina, ca. 0,4 m niður úr neðsta hluta. Viðarkol fundust í sniði. Fleiri prufuholur þarf að grafa á eyrinni.

31. okt.

Frost undanfarið segir til sín. Holan í 001 [mannvirki 001:B] er fyllt með grjóti og torf lagt yfir. = Undir heystæði [heygarð] til að lofta undir/taka raka? Grjót og bein í sniði frá forrannsókn reynist vera í holu.

Hægt var að grafa skurð í 016 til N og aðeins í S. Annars ekki hægt að vera utan við tjaldið. Siggi hætti í dag.

5. nóv.

Byrjuðum á því að setja upp kerfi fyrir mylluna. Því næst grófum við holur í rústina, þústina A, við lækinn og innskotid eða holuna við þústina. Við mylluna fundust m.a. lás og leirtau. Í þústinni fundust bein (rolla?). Í innskotinu var berghella beint undir (0,2 m) grassverðinum.

Hundurinn í holunni [rúst 1010] hét Kolur.

10 Tæknilegar upplýsingar

Rannsóknarstaður:

Rústir í landi Sómastaðagerðis og Sómastaða, Fjarðarbyggð, S - Múlasýslu.

Verkkaupandi:

Fornleifavernd ríkisins.

Ábyrgðaraðili og stjórnandi:

Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni.

Starfsmenn:

Bjarni F. Einarsson, stjórnandi.

Danile Lindblad, fornleifafræðingur.

Jón Ingi Sigurbjörnsson, fornleifafræðinemi.

Jóna K. Ámundadóttir, fornleifafræðingur.

Kristján Mímisson, fornleifafræðingur.

Olof Östlund, fornleifafræðingur.

Páll Kolka, nemi.

Sigurður Bergsteinsson, fornleifafræðingur.

Forvarsla:

Þjóðminjasafn Íslands (aðeins gripir úr rúst 016).

Rannsóknartími:

Frá 6. okt. til 14. nóv. 2003.

Hnitakerfi:

Landskerfið (001) og eigið.

Hæðarkerfi:

Raunhæð (001) og eigið.

Grafinn flötur:

Ca. 250 m² (200 m² á svæði 001 og 50,1 m² utan þess).

Ca. 100 m³ (ca. 75 m³ á svæði 001 og ca 25 m³ utan þess).

Geymsla gagna:

Frumgögn (frumteikningar) munu verða færð Fornleifavernd ríkisins til geymslu eða frekari ráðstöfunar.

Skrár og fylgirit

Skrá yfir teikningar

Skýrsla Magnúsar Á. Sigurgeirssonar jarðfræðings.

Greining á sýni. Grétar Guðbergsson.

Fundaskrá.

Stafrænar myndir.

Litskyggnuskrá.

Sýnaskrá

Fornleifaskrá.

Skrá yfir teikningar frá fornleifarannsókninni í Sómastaðagerði

Blað nr.		Efni:	Teiknari, dags.
1.		Svæði 137:001. Yfirlitsteikning.	Kristján Mímisson, Sigurður Bergsteinsson, 20. 10. 2003.
2.		Svæði 137:001, plan 1.	Sigurður Bergsteinsson, 30. 10. 2003.
3.		Svæði 137:001, plan 2.	Kristján Mímisson, 7. 11. 2003.
4.		Svæði 137:001, plan 3.	Kristján Mímisson, 13. 11. 2003.
5.	a.	Svæði 137:001. Mannvirki 001:B, snið mót vestri.	Kristján Mímisson, 3. 11. 2003.
	b.	Svæði 137:001. Mannvirki 001:D, snið mót vestri.	Kristján Mímisson, 11. 11. 2003.
	c.	Svæði 137:001. Mannvirki 001:E, snið mót suðri.	Kristján Mímisson, 13. 11. 2003.
6.		Svæði 137:001. Mannvirki 1006.	Sigurður Bergsteinsson, 29. 10. 2003.
7.		Rúst 137:002. Yfirborðsteikning.	Jóna K. Ámundadóttir, Páll Kolka, 10. 10. 2003.
8.		Rúst 137:003. Yfirborðsteikning.	Páll Kolka, 10. 10. 2003.
9.		Rúst 137:005. Yfirborðsteikning.	Jóna K. Ámundadóttir, Páll Kolka, 10. 10. 2003.
10.	a.	Rúst 10 (Mylla). Rúst austan við læk. Yfirborðsteikning.	Kristján Mímisson
	b.	Rúst 10 (Mylla). Rúst vestan við læk, í landi Sómastaða. Yfirborðsteikning.	Kristján Mímisson

Skrá yfir teikningar frá fornleifarannsókninni í landi Sómastaða

Blað nr.		Efni:	Teiknari, dags.
1.		Rúst 136:016. Prufuskurður, plan 1.	Daniel Lindblad, 13. 10. 2003.
2.		Rúst 136:016. Prufuskurður, plan 2.	Olof Östlund, 14. 10. 2003.
3.		Rúst 136:016. Prufuskurður, plan 3.	Daniel Lindblad, 17. 10. 2003.
4.		Rúst 136:016. Prufuskurður, plan 4.	Olof Östlund, 21. 10. 2003.
5.		Rúst 136:016. Prufuskurður, plan 5.	Daniel Lindblad, 21. 10. 2003.
6.		Rúst 136:016. Prufuskurður, plan 6.	Daniel Lindblad, 24. 10. 2003.
7.		Rúst 136:016. Prufuskurður, plan 7.	Daniel Lindblad, 27. 10. 2003.
8.	a.	Rúst 136:016. Prufuskurður, plan 8	Daniel Lindblad, 30. 10. 2003.
	b.	Rúst 136:016. yfirlitsteikning.	Daniel Lindblad, Olof Östlund, 22. 10. 2003.
9.		Rúst 136:016. Prufuskurður, aðalsnið, mót austri.	Daniel Lindblad, Olof Östlund, 13. 11. 2003.

Fornleifarannsókn í Sómastaðagerði í Reyðarfirði - áfangaskýrsla Gjóskulagagreining

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur (netfang: masig@mmedia.is)

Þann 23. október 2003 skoðaði höfundur gjóskulög við Sómastaðagerði í tengslum við fornleifarannsóknir sem þar standa yfir. Skoðaðar voru prufuholur í tóftum víðs vegar á svæðinu, á alls sjö stöðum. Gjóskulögum var lýst, sýni tekin og snið mæld þar sem ástæða þótti til. Ráðgert er að skoða gjóskulög í bæjarhól sérstaklega á síðari stigum rannsókna.

Niðurstöður

Rústirnar eru taldar upp í þeirri röð sem þær voru skoðaðar. Byrjað var á að skoða rústir austan og norðan bæjarhóls og síðast við ströndina, suður af bæjarhól.

Rúst 19

Skoðaður var N-prófill holunnar. Gjóskulögin Ö-1362 og V-1477 ("a"-lagið) liggja undir rúst (þ.e. torflagi). Torfið liggur um 0,5-1 cm ofan við V-1477 og inniheldur bæði gjóskulögin Ö-1362 og V-1477. Gjóskulagið A-1875 er í grasrót um 5 cm ofan við torflög. Þetta hús má tímasetja með nokkurri vissu til 16.-18. aldar.

Rúst 20

Skoðaðir voru N- og S-prófilar holunnar. Þunnur jarðvegur er ofan á grjóthleðslu og torflögum, þ.e. < 10 cm þykkur. Gjóskulagið A-1875 er sjáanlegt 1-3 cm ofan við grjóthleðslu í N-prófil. Engin önnur gjóskulög fundust. Rústin stendur á holti og er jarðvegur þunnur á þessum stað, yfirleitt minna en 30 cm þykkur. Möguleiki er að þetta hús hafi verið í notkun samtíma rúst 19 (útlit rústanna er svipað).

Rúst 12

Torfhrun í miðri tóft liggur ofan á V-1477 og Ö-1362. Austurveggur tóftarinnar, sem er hlaðinn úr grjóti að hluta, liggur 15-20 cm ofan við Ö-1362. Í sama vegg sást Öskjuvikurinn frá 1875 í mold á milli steina og er því ljóst að húsið er byggt nokkru eftir árið 1875.

Rúst 11

Gjóskulagið V-1477 sást undir V-vegg rústarinnar. Í torfinu er A-1875 í 5-6 lögum ásamt gjóskulögnum Ö-1362 og V-1477. Húsið er greinilega byggt eftir árið 1875 (líklega á 20. öld).

Rúst 9

Gjóskulagið V-1477 liggur óhreift undir SV-vegg rústarinnar og A-1875 kemur fyrir í 5-6 strenglögum í veggnum. Húsið er byggt eftir árið 1875 (sennilega á 20. öld).

Rúst 16 (rústir á sjávarkambi, í landi Sómastaða)

Í N-enda skurðs eru þykk torflög og grjótlag neðan við gjóskulagið Ö-1362 (mynd 1). Í miðhluta skurðsins eru grjóthleðslur og torflög sem innihalda gjóskulögin Ö-1362 og V-1477. Í grasrótinni yfir þessum veggjaleifum eru flekkir af gjóskulaginu A-1875. Við S-enda skurðsins má sjá torflög eldri en Ö-1362, líkt og í N-endanum (þyrfti að skoða betur). Um 1,5 m sunnan við N-enda skurðsins eru a.m.k. þrjú strenglög með LNS (neðst í skurðinum). Í ljósi þessara athugana má fullyrða að um er að ræða a.m.k tvö misgömul mannvirki, annars vegar eldra en gjóskulagið Ö-1362 og hins vegar yngra en gjóskulagið V-1477 og eldra en A-1875. Ekki er útilokað að um enn fleiri byggingarstig sé að ræða en um það verður lítið sagt án frekari rannsóknar. Ekki hafði verið grafið í gegnum mannvistarlög þann 23. október.

Rúst 5 (naust)

Gjóskulagið A-1875 sást í moldarblandaðri mól undir gólfi hússins. Þessi bygging er frá því eftir 1875, sennilega 20. öld.

Helstu stoðrit


- Guðrún Larsen 1982: Gjóskutímatal Jökuldals og nágrennis. Í: Eldur er í norðri, Reykjavík, bls. 51-65.
- Guðrún Sveinbjarnardóttir 1992. Farm abandonment in Medieval and Post-medieval Iceland: An interdisciplinary study. Oxbow Monograph 17, 192 bls.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 1997: Fornar rústir á Héraði. Gjóskulagaathuganir við Þórisá, Atlavík og Brennistaði. Viðauki í: Landnámsbær, kirkja, rétt..... Fornleifafraeðileg könnun á sjö fornum rústum á Fljótsdalshéraði (höf. Steinunn Kristjánsdóttir). Minjasafn Austurlands.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 2000: Aldursgreining skriðusets á Eskifirði og Norðfirði með hjálp gjóskulaga. Greinargerð 00/05, 5 bls. Unnið fyrir Veðurstofu Íslands.

Sigurður Þórarinnsson 1944: Tefrokronologiska studier på Island. Þjórsárdalur och dess förödelse. Ejnar Munksgaard, Kaupmannahöfn, 217 bls.

Sigurður Þórarinnsson 1958: The Öræfajökull eruption of 1362. Acta Nat. Isl. II, 3, 100 bls.

Sigurður Þórarinnsson 1977: Gjósukulög og gamlar rústir. Brot úr íslenskri byggðarsögu. Árbók Hins Íslenska Fornleifafélags 1976, bls. 5-38.

3



Mynd 1. Sníð í rúst nr. 16 (í landi Sómostaða í Reyðarfirði).



RANNSÓKNASTOFNUN LANDBÚNAÐARINS
AGRICULTURAL RESEARCH INSTITUTE



ADALSTÖÐVAR
HEADQUARTERS: KEIDNAHOLT, IS-112 REYKJAVÍK, ICELAND
KENNITALA
I.D. no.: 530269-3109

SÍMI
TELEPHONE: (354) 577 1010
MYNDSENDIR
TELEFAX: (354) 577 1020



REYKJAVÍK,
13.01.04

Fornleifafraeðistofan

Sýni það frá Sómastaðagerði, sýni 2, reyndist við athugun vera starmýrarmór. Sýnið er allmikið blandað fokefnum úr þurrlendisjarðvegi, en það er mjög algengt á Austurlandi að svo sé um mýrarjarðveg.

Virðingarfyllt

Grétar Guðbergsson

1	Ýmis <i>Efniviður</i> Ýmsir	-	-	-					<i>Ljósmynd</i> 
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>	Gripirnir voru tíndir upp í moldarhaugum frá prufurannsókn og við hreinsun á svæðinu. M.a. eru það porstulínbrott, steinleir, járn af ýmsu tagi, rúðu- og flöskugler, brýni, leggur úr krítarpípu, skothylki o. fl.							
	001								
X	Y	Z							
-	-	-							
2	Nagli <i>Efniviður</i> Járn	M-lag		1					<i>Ljósmynd</i>
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>								
20.10.200	001								
X	Y	Z							
346	482	19.46							
3	Leirtau <i>Efniviður</i> Hvítleirl - postulín	M-lag		5					<i>Ljósmynd</i>
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>	Aðalega með hvítum glerungum báðu megin.							
20.10.200	001								
X	Y	Z							
347	483	19.43							
4	Hnúður <i>Efniviður</i> Rauðleir	M-lag		1					<i>Ljósmynd</i> 
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>	Óglerjaður.							
20.10.200	001								
X	Y	Z							
350	483	19.40							
5	Flöskugler <i>Efniviður</i> Gler	M-lag		1					<i>Ljósmynd</i>
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>	Brúnt.							
20.10.200	001								
X	Y	Z							
350	482	19.35							
6	Rúðugler, leirtau, nagli <i>Efniviður</i> Gler, rauðleir, járn	M-lag		3					<i>Ljósmynd</i>
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>								
20.10.200	001								
X	Y	Z							
349	482	19.31-40							
7	Nagli, oddur, byssutinna(?) <i>Efniviður</i> Járn, tinna	M-lag		3					<i>Ljósmynd</i>
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>	Tinnan er marglit og framandi.							
20.10.200	001								
X	Y	Z							
349	484	19.44-48							

8	Leirtau	M-lag		2		Ljósmynd
	<i>Efniviður</i>					
	Hvítleir				<i>Athugasemdir</i>	
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>					Brennd bro. Annað með hvítum glerungi og bláu (blágráu) skrauti, hitt með bláum glerungi.
20.10.200	001					
X	Y	Z				
349	481	19.31				

9	Járn	M-lag		1		Ljósmynd
	<i>Efniviður</i>					
	Járn				<i>Athugasemdir</i>	
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>					Hálfmáanalaga plata.
20.10.200	001					
X	Y	Z				
348	482	19.39				

10	Teinn	M-lag		1		Ljósmynd
	<i>Efniviður</i>					
	Járn				<i>Athugasemdir</i>	
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>					Teinninn er boginn í annan endann.
20.10.200	001					
X	Y	Z				
347	484	19.56				

11	Naglar, skeifa	M-lag		5		Ljósmynd
	<i>Efniviður</i>					
	Járn,				<i>Athugasemdir</i>	
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>					
20.10.200	001					
X	Y	Z				
348	483	19.40-44				

12	Leirtau	M-lag		1		Ljósmynd
	<i>Efniviður</i>					
	Hvítleir				<i>Athugasemdir</i>	
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>					Hvítglerjað beggja megin. Með rauðu skrauti að innanverðu.
21.10.200	001					
X	Y	Z				
352	480	21.16				

13	Leirtau	M-lag		4		Ljósmynd
	<i>Efniviður</i>					
	Hvítleir				<i>Athugasemdir</i>	
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>					Hvítglerjað beggja megin. Eitt brot með bláu skrauti báðu megin.
21.10.200	001					
X	Y	Z				
351	480	21.17				

14	Nagli?	M-lag		1		Ljósmynd
	<i>Efniviður</i>					
	Járn				<i>Athugasemdir</i>	
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>					
21.10.200	001					
X	Y	Z				
350	480	21.17				

15	Járn	M-lag		1		Ljósmynd	
	<i>Efniviður</i>						
	Járn	Athugasemdir					
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>						
21.10.200	001	Járnplata.					
X	Y						Z
350	479						21.09

16	Leirtau	M-lag		2		Ljósmynd	
	<i>Efniviður</i>						
	Hvítleir	Athugasemdir					
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>						
21.10.200	001	Bæði brotin hvítglerjuð beggja megin, annað með bláu skrauti beggja megin.					
X	Y						Z
349	478						21.03-13

17	Leirtau	M-lag		2		Ljósmynd	
	<i>Efniviður</i>						
	Hvít- og rauðleir	Athugasemdir					
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>						
21.10.200	001	Annað hvítglerjað öðru megin, hitt með rauðbrúnum glerungi og grænum að auki öðru megin.					
X	Y						Z
348	481						21.29

18	Leirtau og brýni	M-lag		4		Ljósmynd	
	<i>Efniviður</i>						
	Hvítleir og norskt flöguberg	Athugasemdir					
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>						
21.10.200	001	Leirtauið hvítglerjað beggja megin.					
X	Y						Z
348	480						21.20

19	Byssutinna?	M-lag		1		Ljósmynd	
	<i>Efniviður</i>						
	Tinna	Athugasemdir					
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>						
21.10.200	001	Tinnan er eins og Fnr. 7.					
X	Y						Z
348	479						21.21

20	Leirtau	M-lag		1		Ljósmynd	
	<i>Efniviður</i>						
	Hvítleir	Athugasemdir					
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>						
21.10.200	001	Hvítglerjað beggja megin.					
X	Y						Z
348	478						21.17

21	Leirtau	M-lag		1		Ljósmynd	
	<i>Efniviður</i>						
	Hvítleir	Athugasemdir					
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>						
21.10.200	001	Hvítglerjað beggja megin.					
X	Y						Z
347	481						21.30

22	Teinn	M-lag		1		Ljósmynd
	<i>Efniviður</i>					
	Járn	Athugasemdir				
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>					
21.10.200	001					
<i>X</i>	<i>Y</i>	<i>Z</i>				
347	480	21.23				

23	Hóffjöður	M-lag		1		Ljósmynd
	<i>Efniviður</i>					
	Járn	Athugasemdir				
<i>Dags</i>	<i>Mannvirki</i>					
